

Litlir fróðleiksmolar um forfeður móður minnar Katrínar Hinriksdóttur

Jónas Jónasson frá Hofdölum



1965

*Litlir fróðleiksmolar um forfeður móður minnar
Katrínar Hinriksdóttur
Saman tíndar af Jónasi Jónassyni
veturinn 1962-1963*

Bræðurnir þrír

Árið 1735 býr að Álfgeirsvöllum á Efrabyggð Þorsteinn Hrólfsson og þó ekki nema á hluta jarðarinnar. Mótbylismaður hans heitir Jón Jónsson og eiga þeir hver sinn ábúðarhluta. Þorsteinn var Hrólfsson s. st., Þorsteinsson, s. st., Bjarnason s. st., Hrólfssonar s. st., sterka Bjarnasonar s. st. Hefur kynstofn þessi verið nefndur Hrólfsungar.

Þorsteinn Hrólfsson bjó síðastur sinna ættmenna á Álfgeirsvöllum. Hann átti þrjá syni er ég veit deili á, Jón, Hrólfr, og Gunnlaug og munu allir fæddir og uppaldir á Álfgeirsvöllum. Allir voru þeir bræður gjörvilegir menn og karlmenni mikil, eins og þeir áttu kyn til. Gísli sagnaritari Konráðsson getur bræðra þessara á einum stað á þessa leið: „Allir veru þeir bræður afarmenni, en það var hald manna, að Jón væri þeirra sterkastur.“

Jón Þorsteinsson giftist konu þeirri er Guðbjörg hét Einarsdóttir, var það kona væn og tápamikil. Þau reistu bú að Hryggjum í Staðarfjöllum og bjuggu þar á fimmta tug ára. Hryggir voru hjáleiga frá Reynistað og standa í samnefndum dal er liggur suður og vestur úr Gönguskörðum. Býlið er því afskekkt mjög og aðdrættir allir hinir örðugustu, er sauðland þar gott ef vetrarríki hamlar ekki.

Þau Hryggjahjón eignuðust nokkur börn og mun allmargt manna frá þeim komið. Af niðjum þeirra sem nú eru uppi skal einungis getið þeirra Vagla feðga, þeirra Magnúsar og Gísla. Magnús er landskunnur fyrir skáldskap einnig er hann með gildustu bænda sveitar sinnar. Gísli hefur aftur hlotnast karlmennska kynstofns síns í ríkum mæli. Jón á Hryggjum eins og hann var oftast nefndur, hefur verið einkennilegur á margan hátt. Hann var talinn framsýnn og rýnninn, svo að honum kom fátt á óvart, úrræðagóður og ráðhollur ef til hans var

leitað, en harður í horn að taka, ef honum fannst sér misboðið. Það lýsir manninum nokkuð, að hann býr á harðbýlu heiðarkoti öll Móðuharðindaárin án þess að guggna eða verða fyrir stóraföllum, svo vitað sé.

Af Hryggja-Jóni gengu líka ýmsar sögur, sumar þjóðsagnakenndar, en aðrar raunsærri. Margt þessara sagna hefur Gísli Konráðsson skráð í þáttum sínum af Jóni sterka Þorsteinssyni og verða þær ekki endursagðar hér. Jón hættir búskap á Hryggjum árið 1817 og flytur þá vestur í Húnavatnssýslu. Hann andast 1820.

Hrólfur Þorsteinsson var tvíkvæntur. Fyrri kona hans hét Guðrún Þorsteinsdóttir. Þau bjuggu á Stóru-Seilu fyrir og eftir 1800. Þorsteinn hét sonur þeirra er síðar bjó á Páfastöðum á Langholti á fimmta tug ára og var búþegn góður. Kona hans hét Sigurbjörg Björnsdóttir og er margt manna frá þeim komið. Hrólfur Þorsteinsson missti Guðrúnu konu sína 1784. Þrem árum síðar giftist Hrólfur öðru sinni, Sigríði Símonardóttur. Þau Hrólfur og Sigríður bjuggu saman í seytnán ár og síðast að Íbishóli í Seiluhreppi, þá hættu þau búskap, en urðu kyrr í húsmennsku, það var árið 1804. Hrólfur og Sigríður eignuðust eina dóttur er ég hafði spurnir af, var hún heitin Ingibjörg.

Ingibjörg Hrólfsdóttir giftist manni þeim er Hannes Ásmundsson hét, þau byrjuðu búskap að Syðri-Mælifellsá í Lýtingsstaðahreppi og bjuggu þar frá 1823-1834. Þá flytja þau að Hömrum í sömu sveit og búa þar til 1859, þá hætta þau búskap, en sonur þeirra tók við. Hann hét Guðmundur, talinn burðamaður og að fleiru mikill fyrir sér. Hann og niðjar hans bjuggu að Hömrum fram yfir 1920. Allir voru þeir Hamramenn karlmenni taldir, bjuggu snoturlega og voru vel bjargálna.

Dóttur eignuðust þau Hamrahjón, Hannes og Ingibjörg, er Jórunn hét. Þegar hún óx upp þótti hún einhver besti kvenkostur þar í sveit. Hennar bað Pétur Pálmason frá Syðra-Vallholti og fór sá ráðahagur fram. Pétur byrjar búskap í Valadal 1849 og bjó fyrst með ráðskonu er Guðbjörg hét og var Sigurðardóttir, hinn álitlegustu konu og vel gjörð á margan hátt, en líklega hafa þau Pétur ekki átt alls kostar skap saman, því fljótlega flytur Valadalsbóndinn Jórinni á Hömrum heim sem brúði sína, en Guðbjörg hverfur á brott, og þó ekki sársaukalaust, að því er sagt var. En Jórunn frá Hömrum átti gott og glæsilegt erindi heim að Valadal, því þar varð formóðir eins gjörvulegasta kynstofns sem upp óx í Skagafirði á síðari hluta nítjándu aldar. En það er önnur saga sem ekki verður sögð hér.

Landnámsmaðurinn

Þá er að víkja að þriðja bróðurnum Gunnlaugi, því hann og niðjar hans áttu að verða aðalefni þessara þátta.

Þegar Gunnlaugur Þorsteinsson fór að hyggja til búskapar, valdi hann sér ekki dvöl á harðbýlu heiðarkoti eins og Jón bróðir hans hafði gert eða settist að á stórbýli miðsveitis, sem Hrólfur á Stóru-Seilu, heldur reisti sér nýbýli. Býlið fékk hann að byggja í Víkurlandi austan undir Héraðsvötnum. Hvenær Gunnlaugur settist þarna að er ekki fullvíst en líkur eru fyrir því að um 1775 hafi það verið. Þarna er land mishæðalaust og eggslétt meðfram Héraðsvötnum. Þar var líka besta slægjulandið því í vorleysingum flæddu Vötnin yfir það og sáu fyrir áburðinum, stundum af fullmiklu örlæti.

Bæ sinn reisti Gunnlaugur á þýfðum þurrlandisrima nær því í miðju landinu. Land til túnræktar var þarna lítt eða ekki, vegna votlendis, en skammt vestur af bæjarstæðinu liggja kílar all víðlendir vaxnir þroskamikilli stór og feginsblendengi. Hólmi all stór er í kílum þessum, með svipuðum gróðri, en þroskaminni þó. Af votlendi þessu mátti heyja tvö til þrjú kýrfóður, eftir árferði. Býli sitt nefndi Gunnlaugur Pyttagerði, en nafnið Pottagerði festist síðar á því, þó það nafn eigi engan stað í umhverfi býlisins, þar er allt marflatt, hvergi dældir eða neitt það er minnr á potta, en pyttir eru margir í kílum, sem fyrr er sagt frá. Kona Gunnlaugs hét Sigríður Einarsdóttir og kann ég engin skil á ætt hennar. Ekki hefi ég trú á því að afarmennið Gunnlaugur Þorsteinsson hafi valið sér liðleskju að lífsförunaut.

Ekki fara miklar sögur af búskap þeirra Pyttagerðishjóna, en þarna bjuggu þau samfleytt til 1787. En þegar fer að rofa til í myrkri Móðuharðindanna, flytja þau burtu og að Páfastöðum í Langholti. Páfastaðir voru talin nytjagóð jörð, og svo er enn, en Pyttagerði fór í eyði. Árið 1790 sleppa þau þessu góða jarðnæði við Þorstein Hrólffson, bróðurson Gunnlaugs. Ári síðar, eða 1791 flytja þau aftur að Pyttagerði og búa þar uns yfir lýkur fyrir Gunnlaugi, en hann andaðist 29. dag júlímánaðar 1804. Sigríður er talin búandi þar næsta ár eða til 1805, en þá hverfur hún einnig í móðu aldanna.

Ekki hefi ég heyrt getið nema tveggja barna þeirra Pyttagerðishjóna, Sigríðar og Gunnlaugs, Sigríður og Hinrik hétu þau. Af Sigríði hefi ég fát fregnað annað en Sigga skálda hafi hún verið kölluð, svo hagamælt hefur verið og það í betra lagi. Þó kann ég engin skil á skáldskap hennar, hefi aðeins séð háfa vísu henni eignaða. Það er Ólafur Sigurðsson frá Ási í Hegranesi, sem vitnar í vísuhelming eftir Siggju skáldu. Hann skrifar ritgerð og birtir í Tímariti Bókmenntafélagsins um þjóðhætti í Skagafirði um 1850 og síðar. Þar getur hann þess að síðhempan, eða mussan varð að þoka fyrir stuttreyjunni, hafi sumum þótt sú breyting lítt til bóta og var Sigga skálda ein þeirra og kvað:

Kjóstu heldur mann á mussu,
meyjalín en kauða í treyju.

Svo fastheldin hefur hún verið við gamlar venjur sú gamla og góða kona.

Árið 1800 endurreisa byggð á Húsabakka í Glaumbæjareyju Gísli Gíslason og Sigríður Gunnlaugsdóttir frá Pyttagerði og er ekki annars getið en þau hafi hjón verið. Húsabakki stóð á bakka Héraðsvatna og var all gamalt býli, en lagðist í auðn í Móðuharðindunum, eins og fleiri af hinum smærri jörðum. Ekki var langur búskapur þeirra Húsabakkahjóna því honum lýkur 1805. Allt er á huldu hvað af þeim varð, því hvergi hefi ég rekist á nöfn þeirra síðar, en slitið munu þau hafa samvistum og ráðist í vinnumennsku.

Sagnir hefi ég um það að Sigga skálda hafi dvalist í Hegranesinu þegar Hannes Bjarnason var prestur á Ríp, en hann er þar prestur frá 1829-1839. Áttu þau að hafa leitt saman hesta sína í kveðskap og gamla konan hafi lítt hogað á hæli fyrir þeim kjarnyrta klerki.

Annað barn þeirra Pyttagerðishjóna, sonurinn Hinrik, er fæddur í Pyttagerði 1769. Hann ólst upp hjá foreldrum sínum fram yfir fermingaraldur, réðst þá í vinnumennsku til vandalausra, því nytjar Pyttagerðis voru ekki meiri en svo að kempan Gunnlaugur gat annað þeim einn.

Um 1780 flytja að Stóra-Vatnsskarði Sigurður Ólafsson og Björg Jónsdóttir og bjuggu þar nær fjóra áratugi ára. Þau voru í röð hinna betri bænda. Tvennum sögum fer um ætt og uppruna Sigurðar bónda. Ættir Skagfirðinga telja hann Ólafsson frá Huppahlíð í Húnaþingi, en Stefán fræðimaður frá Höskuldstöðum hyggur hann vera ættaðan framan úr Lýtingsstaðahreppi frá Lýtingsstöðum og þá sonur Ólafs þess er þar býr um og fyrir 1700 og hallast ég frekar á sveif með Stefáni. Dóttur áttu þau Vatnsskarðshjón er Katrín hét og þótti hún álitlegur kvenkostur.

Hinrik Guðlaugsson¹ réðst að Stóra-Vatnsskarði sem vinnumaður 1793 eða fyrr og féll vel á með honum og húsbændum hans, því maðurinn var efnilegur og hinn vaskasti til allra verka. Þau felldu fljótt hugi saman Katrín og vinnumaðurinn og þegar samdráttur hinna ungu hjónaefna kom í ljós, voru þau þússuð saman í heilagt hjónaband, það gjörðist vorið 1795. Ekki er annað vitað en fullt samkomulag hafi verið um ráðahag þennan því báðir feðurnir voru svaramenn við vígsluna, hvor fyrir sitt barn. Sigurður byggir svo ungu hjónunum hluta af ábýlisjörð sinni.

Í ágúst um sumarið fæðist þeim Katrínu og Hinrik svo sonur, er hlaut nafn afa síns Gunnlaugs í Pyttagerði. Ekki varð langur búskapur þeirra Katrínar og Hinriks á Stóra-Vatnsskarði, því vorið 1796 flytja þau búferlum að Fremri-Svartárdal í Lýtingsstaðahreppi. Í febrúar fæðist annar sonur þeirra Svartárdals-hjóna, var hann heitinn Hinrik. Útbeit er góð í Fremri-Svartárdal og munu ungu hjónin hafa hugsað sér gott til dvalarinnar þar áfram, en skammt var þess að bíða að sorta slægi á þær framtíðarvonir, því réttu ári eftir fæðingu seinni sonarins andast húsfreyjan í Dalnum, Katrín Sigurðardóttir (Katrín er fædd 1768 og því ári eldri en maður hennar).

Um þetta leyti bjó að Hóli í Tungusveit Magnús Gunnlaugsson Gunnarssonar. Gunnlaugur flytur að Hóli um miðja átjándu öld eða líklega fyrr, og búa niðjar hans á Hóli fram undir 1890 og eru margar ættir frá honum runnar og fjölmennar, verður máske að þeim síðar vikið. Sólveig hét dóttir Magnúsar á Hóli. Hún var fullorðin kona er hér var komið. Sólveig eignaðist barn með Jóni Jónssyni ekkjumanni á Tunguhálsi, var það sveinn og heitinn Benjamín. Vorið 1798 flytur svo Sólveig Magnúsdóttir að Fremri-Svartárdal, sem ráðskona til ekkjumannsins þar, en um haustið giftast þau. Síðar þetta sama haust kemur annar gestur að Fremri-Svartárdal og hefur á brott með sér Gunnlaug litla Hinriksson, þá rúmlega þriggja ára. En lífið heldur áfram og 2. apríl 1799 fæðist fyrsta barn þeirra Sólveigar Magnúsdóttur og Hinriks Gunnlaugssonar, varð það meyja og skírð Katrín, eftir fyrri konu húsbóndans.

Hinrik Gunnlaugsson býr í Fremri-Svartárdal í 20 ár eða til 1816, en það ár flytur hann að Tunguhálsi, sem er fremsti bær í Tungusveit næst Goðdölum. Tunguháls var kirkjújörð og lá undir Goðdalakirkju, þótti jörðin sú með betri bújörðum þar um slóðir og ólíkt þægilegri og betur í sveit sett en Fremri-Svartárdalur. Á Tunguhálsi býr Hinrik önnur 20 ár eða til 1836, hin síðari árin á móti sonum sínum, fyrst Hinriki frá 1825-1828, en síðar Gunnlaugi frá 1834-1836.

¹ RE: Hér á án efa að standa Gunnlaugsson

Hinrik Gunnlaugsson deyr 4. ágúst 1836. En Sólveig lifir mann sinn og er næsta ár við búskap á Tunguhálsi, móti syni sínum. Dánarár hennar hefi ég ei fundið. Ekki munu þau Sólveig og Hinrik hafa safnað auði, en vel bjargálna voru þau talin, enda bæði dugleg í besta lagi og vel vitborin.

Börn Katrínar og Hinriks

Börn Hinriks og Sólveigar, er til þroska komust voru, auk Katrínar er áður er talin, Sigríður fædd 1800. Flytur frá Goðdölum, þar sem hún hafði verið í vist, árið 1827 vestur að Bollastöðum í Blöndudal sem vinnukona og kann ég ekki hennar sögu lengri.

Annað barn, Ólöf fædd 1801. Hún fer að heiman árið 1820 og fer vestur að Brandsstöðum í Húnaþingi, sem vinnukona. Árið 1835 kemur svo Ólöf að vestan og nú frá Eyvindarstöðum í Svartárdal, með dóttur sína Guðbjörgu Sveinsdóttur. Ólöf settist að á Tunguhálsi um sinn. Ekki hefi ég haft tök á að rekja feril þeirra mæðgna, svo stutt verður saga Ólafar hér, ekki síður en Sigríðar systur hennar.

Árið 1804 fæðist fyrsti sonur þeirra Svartárdalshjóna, var hann nefndur Gunnlaugur eftir syninum, er svo ungur hné að velli. Gunnlaugur ólst upp hjá foreldrum sínum, fyrst í Fremri-Svartárdal og síðan á Tunguhálsi. Hann giftist árið 1832 Rannveigu Skúladóttur og var fyrstu hjónabandsár ein tvö hjá föður sínum. 1834 fær hann helming jarðarinnar til ábúðar og alla þrem árum síðar, þegar Sólveig móðir hans hætti búskap.

Gunnlaugur Hinriksson þótti góður bóndi og vel að sér gjör. Hann var hreppstjóri í Lýtingsstaðahreppi 1835-1847 eða í tólf ár. 30. nóvember 1850 missir Gunnlaugur svo sína dugmiklu eiginkonu Rannveigu Skúladóttur, 10 dögum eftir að hún bar í heiminn sitt síðasta barn, sem var sonur, sem einnig lést mánuði síðar en móðirin. Þau Gunnlaugur og Rannveig eignuðust átta börn, en einungis tveir synir þeirra komust til þroska.

Skúli fæddur 13. desember 1834 og Hinrik fæddur 8. febrúar 1838. Árið 1851 hættir Gunnlaugur búskap að Tunguhálsi og flytur vestur að Stóra-Ósi í Miðfirði með syni sína Skúla og Hinrik. Réðst Gunnlaugur til bús með ekkju er bjó að Stóra-Ósi, en hve lengi félagsskapur þeirra hefur varað veit ég ei. Ekki hefi ég heyrt um það hvað olli þeirri ráðabreytni Gunnlaugs Hinrikssonar að rífa sig upp frá sæmilegri bújörð og þokkalegri afkomu efnalega og flytjast í aðra sýslu. Má vera að konumissirinn ofan á þá raun að sjá á eftir sex börnum

sínum niður í Goðdalakirkjugarðinn, hafi ýtt undir brottför hans úr æsku-sveitinni.

Synir Gunnlaugs, Skúli og Hinrik, giftust báðir og juku kyn sitt þar vestur frá. Mun sá ættbogi víða dreifður bæði innanlands og í Vesturálfu heims. Ein kona af ætt þessari, hefur nú um nokkurra ára skeið verið búsett hér á Sauðárkróki, er hún gift Páli Sveinbjörnssyni bifreiðastjóra og heitir Auðbjörg Gunnlaugs-dóttir Skúlasonar Gunnlaugssonar frá Tunguhálsi Hinrikssonar.

Fimmta barn þeirra Svartárdalshjóna, sem náði fullorðinsaldri, var sveinn er Magnús hét. Hann er fæddur 1805 en giftist 29. september árið 1831 Sólveigu Jónsdóttur. Þau Sólveig og Magnús búa á ýmsum stöðum í framverðum Lýtingsstaðahreppi. Á 16 árum eignast þau 9 börn, en einungis ein stúlka komst til aldurs, hét hún Súlína Soffía. Hún giftist Guðmundi Þorsteinssyni mesta myndar- og dugnaðar manni. Hann var söðlasmiður og stundaði þá iðn sína löngum, ýmist með búskap eða þá einvörðungu. Þau Guðmundur og Súlína byrja búskap að Breið í Tungusveit 1861 og búa þar í sex ár. Síðast eru þau við búskap á Steinstöðum í sömu sveit frá 1881-83 en það ár deyr Guðmundur, en Súlína býr áfram næsta ár. Tvisvar reynir Súlína búskap eftir að hún varð ekkja, og annað skiptið út á Húsabakka í Seiluhreppi og sýnir það ærinn kjark hjá konu á sextugs aldri. Því miður veit ég ekki um börn þeirra Guðmundar og Súlínu eða hvort nokkur voru.

Þá skal að nokkru getið elsta sonar Hinriks Gunnlaugssonar, en hann hét Hinrik. Hinrik Hinriksson er fæddur 7. febrúar 1797 að Fremri-Svartárdal og er móðir hans Katrín Sigurðardóttir fyrri kona Hinriks Gunnlaugssonar, sem fyrr segir. Hann ólst upp hjá föður sínum og stjúp móður fram yfir fermingaraldur. Þegar manntalið er tekið 1816 er hann farinn að heiman, enda orðinn 19 ára gamall.

Hinrik Hinriksson giftist 5. október 1824, Þorgerði Jónsdóttur ættaðri norðan úr Þingeyjarsýslu. Vorið eftir byrja ungu hjónin búskap á Tunguhálsi móti Hinriki Gunnlaugssyni, fyrstu tvö árin. En 1827 rýmur Hinrik jörðina fyrir syni sínum og fer að Goðdölum í húsmennsku. Ekki varð þó langur búskapur þeirra Hinriks og Þorgerðar á Tunguhálsi því árið 1828 segja þau jörðinni lausri og flytjast sjálf austur að Klömrum í Reykjadal í Þingeyjarþingi, en þaðan mun Þorgerður hafa ættuð verið. Ekki voru þau hjón nema árið á Klömrum en vistast næsta ár, eða 1829 á Stóru-Reykjum í sömu sveit. 28. október þá um haustið fæðist þeim Hinriki og Þorgerði sonur, er heitinn er Jón eftir móðurföður sínum. Þessi sveinn átti eftir að lifa langa og viðburðaríka ævi og verða ættfaðir merkrar ættar þar austur frá. Ekki gátu vinnuhjúin á Stóru-

Reykjum fengið að hafa soninn hjá sér en fyrsta misserið, sem hann lifði, því vorið 1830 koma þau honum í fóstur að Holtakoti, sem var hjálenda frá Stóru-Reykjum. Á Holtakoti var fátækt mikil og jafnvel skortur á brýnustu lífsnauðsynjum öðru hvoru, eins og of víða vildi við brenna á smærri kotum í þá tíð. En fóstura Jóns var skýrleikskona og skáldmælt vel. Hún lagði fljótlega mikla ást við fóstursoninn sem síst kólnaði þegar í ljós kom góður skýrleiki hjá snáðanum og hneigð til bókarinnar. Fimm ára gamall var Jón orðinn allvel læs og þá lét fóstura hans hann byrja að læra Balles barnalærdómskver. Bókakostur var sáralítill á kotinu, en marglesið það sem til var.

Jón Hinriksson hefur verið óhemju bráðþroska barn og snemma fór hann að böggla saman vísunum, hefur fóstura hans haft áhrif í þá áttina. Ein vísa Jóns litla hefur varðveist frá veru hans í Holtakoti en þaðan fór hann alfarinn vorið 1837, þá á áttunda ári. Tilefnið var að húsfreyjan í Kotinu var að kemba höfuð fóstursonarins og orðið eitthvað vör en vísan er þannig:

Konan lýsnar drepur dátt.
Dauðans fýsn er þetta.
Svona býsna hef ég hátt
hjalið vísna slétta.

Eins og þegar er á drepið, er Jón fluttur 1837 upp í Mývatnssveit og þá Ytri-Neslöndum. Foreldrar hans voru þá vinnuhjú hjá séra Jóni Þorsteinssyni í Reykjahlíð, og hafa þótt það svolítill sárabót að vita af syninum samsveitis sér. Ekki var dvöl Jóns lengi í Löndunum, en næstu fjögur árin er hann á Kálfsströnd við Mývatn. „Þau árin voru svona upp og niður eins og þá gerðust um hrakningskrakka,“ segir í æviágripi Jóns eftir Mývetning framan við ljóðmæli hans.

Árið 1842 ræðst svo Jón sem léttadrengur að Grænavatni til Jóns bónda Jónssonar prests Þorsteinssonar frá Reykjahlíð og þar dvelur hann næstu 15 árin, eða til 24 ára aldurs. Grænavatnsheimilið var í tíð Jóns bónda, eitt mesta myndar- og framfara heimili í Mývatnssveit og því hollur skóli fyrir vel gefna unglunga eins og Jón Hinriksson var. Vinna var þar nokkuð ströng² en bóka-kostur talsverður og frjáls aðgangur að þeim, öllum þeim er njóta vildu. Af foreldrum Jóns fara fáar sögur. Þau reistu aldrei eigin búskap en unnu hjá öðrum meðan þrek entist, enda eftirsóttir starfsmenn. En alltaf voru þau samvistum til æviloka.

² RE: skrífað stöng

Haustið 1853 giftist svo Jón Hinriksson fyrstu konu sinni Friðrikku Helgadóttur frá Skútustöðum. Ungu hjónin dvöldu á Grænavatni til vorsins 1857 en þá reisa þau bú að Stöng á Mývatnsheiði, sem var nýbýli. Stöng er harðbýliskot og má þó fullyrða að hagar ungu hjónanna hafi staðið þar vonum framar, þrátt fyrir töluverða ómegð er þau eignuðust fljótt. Konu sína missti Jón í desember 1865. Gekk þá mannskaða taugaveiki, og var Jón sjálfur hætt kominn í veikinni. Þau Jón og Friðrikka eignuðust sex börn, sem öll komust til þroska. Þekktastur þeirra varð Jón, sem kenndi sig við Múla, því á þessu forna höfðingjasetri bjó hann allengi. Jón varð ungur alþingismaður Eyfirðinga og varð brátt þjóðkunnur maður fyrir ræðumennsku og skörungsskap. Hann var tryggur fylgismaður Hannesar Hafstein og taldi Hannes hann meðal sinna bestu liðsmanna. Og þó voru þeir ekki alltaf á sama máli. Þegar Hannes bar fyrst fram frumvarp til réttinda kvenna talaði Jón á móti frumvarpinu, og taldi konum liggja á öðru meir en stjórnmalalegu frelsi, t.d. menntun. Að lokinni ræðu Jóns skaut Hannes vísu þessari að sínum gamla og góða liðsmanni.

Elskulegi Múli minn
mikið gull er túli þinn,
en vendu þig af þeim vonda sið
að velta þér yfir kvenfólkið.

Systkini Jóns frá Múla mönnuðust öll vel og urðu bændur og húsfreyjur þarna austur frá, nema yngsta systirin Þuríður, hún fór til Vesturheims sem gift kona og jók þar kyn sitt. Hún var eina barn Jóns Hinrikssonar er þangað flutti.

Vorið 1866 yfirgefur Jón svo heiðarkotið og flytur að Litluströnd við Mývatn og árið eftir kvænist hann svo öðru sinni Önnu Sæmundsdóttur frá Vogum, Helgasonar frá Skútustöðum. Eignuðust þau þrjá syni er allir létust í barnæsku. Konu þessa missir Jón snemma árs 1875. Á Litluströnd var búskapurinn misferla lífill og komst Jón þar í allgóð efni.

Haustið 1875 kvænist Jón í þriðja sinn og hét konan Sigríður Jónsdóttir frá Arnarvatni í sömu sveit, var móðir hennar er Guðrún hét talin vera laundóttir séra Jóns Þorsteinssonar frá Reykjahlíð. Vorið 1876 verður Jón að rýma frá Litluströnd og flytur þá búferlum að Hólum í Eyjafirði. Þar býr hann þrjú ár, við óyndi og ýmsa aðra örðugleika og ganga efni hans mjög til þurrðar þessi árin. Vorið 1879 flytur hann svo aftur til Mývatnssveitar og nú að Helluvaði, þar sem hann dvelur til æviloka.

Börn þeirra Sigríðar og Jóns urðu sex, fjórir synir og tvær dætur. Önnur dóttirin, Anna Friðrikka dó á unga aldri, en hin lifir enn. Elstur þeirra systkina

var Sigurgeir er tók við búskap að Helluvaði er faðir hans hætti. Hann var búhöldur og talinn einn besti fjárræktarmaður þar í sveit.

Einn þekktastur þeirra bræðra varð næstelsti bróðirinn. Sigurður er kenndur var við Arnarvatn, því þar bjó hann langa ævi. Sigurður var skáld gott, jafnvel á þingeyskan mælikvarða. Honum féll sú hamingja í skaut að yrkja ungar að árum annað fegursta áttahagaljóð sem ort hefur verið á íslenska tungu: *Blessuð sértu sveitin mín*. Þó Sigurður hafi ekkert annað kveðið en þennan dýrðaróð íslenskra sveita ætti það eitt að nægja honum til langslífs, meðan lífinu verður lifað í sveitum þessa lands.

Vorið 1899 lætur Jón Hinriksson loks af búskap kominn hátt á sjötugasta árið, en við tekur Sigurgeir sonur hans, sem fyrr segir. Hjá honum dvelur svo Jón til æviloka, virtur og dáður af öllum, sem einhver kynni höfðu af honum haft. Glöggskyggn samtíðamaður Jóns hefur lýst honum á þessa leið: „Jón er meðalmaður á hæð, fremur grannvaxinn og holdskarpur, en hefur mjúka og skarpa líkamsbyggingu, enda létt og liðugt um allar hreyfingar. Eigi var hann nettfriður en ásjálegur. Manna best eygður og svipurinn hreinn og gáfulegur. Fjörmaður var hann mikill, glaðsinna og ræðinn og kemst þá tíðast allur á hreyfingu.□

Jón Hinriksson átti mikilli mannhylli að fagna og bar margt til þess. Hann var skemmtunar maður mikill, frjálslýndur og fjölfróður og sagði vel frá. Skáldmæltur var hann í besta máta og setti ekki það ljós sitt undir mæliker, frekar en á öðrum sviðum. Um verklagni Jóns og vinnusemi gef ég Mývetningi orðið: „Jón hefur verið mjög vinnugefinn maður. Sleppur aldrei verk úr hendi. Hann er hinn liðgengasti til verka, fljótvirkur en þó vel virkur. Eru þau mörg handtökin sem hann er búinn að taka nú nær 80 ára. Er til þess tekið af roskenu fólki hve lítt hann hlífði sér, meðan þrek og fjör var óbugað. Enn má hann heita ern maður og hefur allmikla útivist, stundar veiði og gengur enn að heyvinnu að sumrum.□ Þetta er ritað þegar Jón var á áttræðasta ári aldurs síns. Að lokum skal því einu bætt við þessa gloppóttu lýsingu á Jóni Hinrikssyni að allar voru konur hans þrjár vel kynjaðar, enda hinar gjörvilegustu, var sem hann í hvert sinn veldi sér úr góðum kvenkostum sveitarinnar.

Katrín Hinriksdóttir og hennar afkomendur

Þá kem ég að því barni Hinriks Gunnlaugssonar, sem mér er skyldast að geta, en það er langamma mín Katrín Hinriksdóttir. Katrín er fædd 2. apríl 1799 að Fremri-Svartárdal og er fyrsta barn þeirra Hinriks Gunnlaugssonar og seinni konu hans Sólveigar Magnúsdóttir frá Hóli. Katrín ólst upp, hjá foreldrum sínum fram yfir fermingaraldur, en líklega fljótlega farið í vist til vandalausra er hún hafði þroska til. Þegar manntalið er tekið 1816, er Katrín Hinriksdóttir talin vinnukona á Ölduhrygg þá 17 ára.

Árið 1819 13. október giftist hún Rafni Þórðarsyni á Breið í Tungusveit, þá 20 ára að aldri, en brúðguminn 26 ára. Þórður á Breið bjó þar frá 1796 – 1834, var Jónsson Rafnsson á Merkigili, Árnasonar hreppstjóra að Húsey í Vallhólmi, Rafnssonar lögréttumanns í Bjarnastaðahlíð. Hann er oft nefndur Gamli-Rafn. Frá honum er rakinn karleggur til Ólafs Þorsteinssonar Feilans í Hvammi í Dölum, en amma Ólafs er eins og kunnugt er skörungskonan Auður djúpúðga.

Móðir Rafns var Arnfríður Rafnsdóttir, bónda í Flatatungu Bjarnasonar gamla að Skjaldastöðum³ við Eyjafjörð. Árið 1820 byggir Rafn ungu hjónunum hálfa ábýlisjörð sína Breið og bjuggu þeir feðgar þar samtímis í 14 ár, eða til 1834. Breið er nota góð jörð en ekkert stórbýli og verið þröngt um þá feðga, ekki síst þar sem báðir höfðu fyrir töluverðri ómegð að sjá.

Þórður var tvígiftur. Fyrri kona hans Arnfríður Rafnsdóttir deyr 1814, en skjótt hefur hann kvongast aftur, því í ágúst árið eftir eignast hann stúlkubarn með Sigríði Kjartansdóttir og er ekki annars getið en þau hafi verið gift. Þau Þórður og Sigríður eignuðust sex börn, sem öll önduðust í æsku nema elsta dóttin Helga. Hún eignaðist barn með Guðmundi Jónssyni frá Gilhaga og veit ég ei meira frá henni að segja.

1834 flytja þeir feðgar Þórður og Rafn frá Breið. Þórður fer að Syðri-Mælifellsá en Rafn að Lýtingsstöðum og býr þar til 1839. Þá hætta þau búskap og slíta samvistum í bili eins og það er orðað í kirkjubókinni. Katrín varð kyrr í húsmennsku, en hvert Rafn fór sést ekki.

Á tuttugu ára hjúskap og búskap eignuðust þau Rafn Þórðarson og Katrín Hinriksdóttir 16 börn en einungis fjögur þeirra komust til fullorðinsára. Flest

³ RE: Í Öxnadalshreppi sjá slóð <http://www.mapygon.com/iceland/eyjafjardarsysla/skjaldastadir/>

dóu börn þeirra á fyrsta og öðru ári. Þó komst ein stúlka, Sólveig hét hún, til 18 ára aldurs, en féll þá í valinn, er þá orðin vinnukona á Tunguhálsi hjá Gunnlaugi Hinrikssyni móðurbróður sínum.

Það virðist vera sæmilegt áframhald hjá þeim Rafni og Katrínu að eignast 16 börn á tuttugu árum, þar sem tvíburafæðingum var ekki til að dreifa en þó hafði Rafn tíma til að stofna til tveggja barneigna á þessum árum utan hjónabandsins, með hvorri konu en þau urðu bæði skammlíf. Þá sögu heyrði ég af Katrínu, að hún hafi snemma vors borið barn sitt til skírnar að Mælifelli, þá hafi þau hjón verið flutt að Lýtingsstöðum. Þá var prestur að Mælifelli séra Jón Konráðsson. Ekkert sögulegt gerðist í þeirri ferð og fór athöfnin fram sem venja stóð til. En svo kom Katrín aftur snemma um haustið í sömu erindagjörðum með kornabarn. Þá segir prestur: „Þú barst hingað barn þitt í vor nýlega fætt til skírnar. Nú kemur þú aftur, tæpu misseri síðar, með ungbarn og biður mig að skíra. Ekki getur þú verið móðir þessa barns, Kartín mín?□ „Ónei, svarar hún, en hann Rafn minn á það.□

Rafn eignaðist barn áður en hann giftist Katrínu, þá var hann vinnumaður á Merkgili, 19 ára að aldri. Barnsmóðirin hét Borghildur og var vinnukona á Stekkjarflötum. Drjúgur spölur er á milli þeirra bæja, það er reyndar ekki yfir fjallveg að fara, en á þeirri leið er hið illræmda Merkgil, en elskendunum eru allir vegir færir. Það er meybarn og heitin Guðfinna, dó á tíunda ári, mesta efnis barn.

Þá er að geta þeirra barna Breiðarhjóna er upp komust og rekja frá þeim ættir eins og kostur er á.

Sæmundur

Sæmundur Rafnsson er fæddur á Breið 26. ágúst 1820. Hann ólst upp hjá foreldrum sínum fram yfir fermingaraldur, en fór þá í vist til vandalausra var vinnumaður á ýmsum stöðum, beggja vegna Héraðsvatna. Árið 1849 fer hann í vist til ekkju er bjó að Hrólfsstöðum í Blönduhlíð. Hún hét Guðrún Ólafsdóttir⁴ og hafði misst mann sinn, Jóhann Jónsson, veturinn áður. Þau Sæmundur og Guðrún giftust um haustið. Ekki var langur búskapur þeirra á Hrólfsstöðum, því vorið 1850 flytjast þau að Gilsbakka á Kjálka og búa þar í tvö ár. Næstu tvö árin eru þau búsett í Djúpadal. En 1854 flytjast þau út í Hjaltadal og búa á Skúfsstöðum til ársins 1862. Tvö árin næstu eru þau Sæmundur og Guðrún búlaus, líklega kyrr á Skúfsstöðum í húsmennsku. En 1864 hefja þau búskap

⁴ RE: Guðrún Rafnsdóttir leiðrétti með blýanti yfir í Oddsdóttir

aftur og það á Hagakoti, sem um langan aldur hafði verið beitarhús frá Hólastað, voru þau hjón fyrstu ábúendur í Hagakoti, en áfram er þar búið fram undir aldamótin 1900.

Sæmundur og Guðrún flytja frá Hagakoti 1870 og þá aftur að Skúfsstöðum í húsmennsku og mun þá lokið sjálfstæðum búskap þeirra. Ekki veit ég nema um eitt barn þeirra Sæmundar Rafnssonar og Guðrúnar Oddsdóttir, var það sonur er Sigurður hét. Ungur fór hann norður í Hörgárdal í vinnumennsku og dvaldi þar í sveit og í Öxnadalnum fram á efri ár. Roskinn maður kemur svo Sigurður aftur til Skagafjarðar, það mun hafa verið 1905. Ræðst hann þá vinnumaður að Flugumýri til Jóns bónda Jónassonar er þar bjó stór búi. Jón var Öxndælingur og hefur án efa þekkt Sigurð af dugnaði og trúmennsku við bústörfin. Með Sigurði kom kona hans Sesíla og dóttir þeirra Sigfríður þá tólf ára.

Um þetta leyti bjó ég að Grundarkoti hjá Þorleifsstöðum. Þriðja barn mitt fæddist haustið 1905 og hvatti konan mín mig til þess um veturinn að útvega unglingsstúlku til barnagæslu næsta vor. Datt mér þá í hug frænka mín á Flugumýri, Sigfríður litla, gerði ferð mína þangað, fann húsbóndann Jón að máli og spurði eftir Sigurði. Bóndi sagði hann vera við fjárgæslu upp að Bygghóli, en það eru beitarhús frá Flugumýri suður og upp í hlíð Glóðafeykis. Þangað fór ég og hitti Sigurð. Hann stóð yfir hjörðinni að fornum sið fram og upp í Feykirnum, því snjór var töluverður. Sigurður tók vel erindi mínu og varð það að ráði að Sigfríður færi til mín næsta vor til ársvistar. Það skilyrði setti hann þó að ég kenndi henni til fermingar næsta vetur, gekk ég að því. Sigfríður kom svo á heimili mitt vorið 1906 og féll okkur hjónum, brátt vel við hana. Sigfríður var myndarunglingur, vel greind og velvirk að hverju sem hún starfaði. Hún hafði fengið mjög takmarkaða tilsögn áður, en tók skjótum framförum um veturinn því bæði hún var námsgjörn og fróðleiksfús. Sigfríður tók gott próf um vorið og var fermd eins og til stóð. Eitt ár var hún hjá okkur eftir ferminguna, en kaus þá að kanna fleiri stigu, enda stóð hugur hennar æ til frekara náms.

En margt er manna bölið. Ungfullorðin missti Sigfríður það eina sem hún átti, sína góðu heilsu. Hún fékk berkla í bak og varð rúmliggjandi mörg ár, en eitt varð aldrei frá henni tekið, hin glaða lund og trúin á lífið og mennina, hafa þeir kostir ásamt góðri hjúkrun eflaust hjálpað henni til að buga hinn skæða sjúkdóm að mestu. En örkuml bar hún æ síðan, snotur vöxtur hennar var úr lagi færður. Hún átti erfitt með útivinnu alla, en innanbæjar störf öll léku í höndum hennar, bæði matseld og handavinna allskonar. Varð hún eftirsótt til þeirra starfa og þannig gat hún unnið fyrir nauðsynjaþurftum sínum. Sigfríður

giftist ekki, eignaðist eitt barn með Sigvari Jóhannssyni frá Saurbæ, er þá bjó ekkjumaður að Steinsstöðum í Tungusveit, átti Sigfríður þar þá heimili og vann að búi bóndans. Þetta var meybarn og heitin Nanna.

Þyngdist nú róðurinn fyrir fötluðu móðurinni, því sjálf kaus hún að ala barn sitt upp, með þrotlausu starfi og hagsýni og tókst Sigfríði það. Þær mæðgur skildu aldrei langdvölum meðan báðar lifðu. Sigmar Jóhannsson var mikill drengsskapar maður og þykir mér líklegt að hann hafi stutt barnsmóður sína fjárhagslega meðan hans naut við, en hann hvarf héðan á besta aldri. Sigfríður andaðist haustið 1944 rúmlega fimmtug að aldri. Dóttir hennar var þá fullvaxta kona, fríð sýnum og kvenna gjörvilegust hún flutti fljótlega úr heimahögum til Akureyrar, þar dvaldi hún nokkur ár. Nú er hún gift kona austur á Fljótisdals-heraði og á afkomendur.

Sagnakonan

Arnfríður Rafnsdóttir var fædd 29. ágúst 1827 að Breið í Tungusveit. Hún ólst upp hjá foreldrum sínum að Breið og Lýtingsstöðum til ársins 1839 en þá hættu þau búskap Rafn og Katrín og slitu samvistum, í bili eins og sagt var. Þá var Arnfríður 12 ára og mun hafa verið á snærum móður sinnar fram að fermingu, þá fór hún í vinnumennsku, enda var það eina leiðin, sem fær var fátæklingum á þeim árum. Hún varð fljótt eftirsótt í vistir því dugleg reyndist hún og vel verki farin, vann þó á ýmsum stöðum vestan Héraðsvatna og austan. Þar kynntist hún manni er Símon hét og var Jónsson. Hann var sonarsonur Þorláks ríka er lengi bjó að Stóru-Ökrum og því bróðir Helga í Sólheimum, er einnig hlaut viðurnefndið hinn ríki. Símon var fæddur 1817 og því tíu árum eldri en Arnfríður. Þau felldu hugi saman og giftust. Ekki urðu þau auðsæl Símon og Arnfríður, því bólfestu til frambúðar eignuðust þau aldrei, en bjuggu á ýmsum stöðum og síðast á Minni-Ökrum í Blönduhlíð og þar andaðist Símon árið 1876. Arnfríður, lifði mann sinn nær hálfan þriðja tug ára, en mun fljótlega hafa fært heimili sitt vestur yfir Vötnin í æskusveitina.

Síðasta tug aldarinnar var hún ráðskona hjá Jóhanni L. Jónssyni bónda að Lýtingsstöðum. Jóhann missti konu sína Dýrleifi Árnadóttur frá fjórum börnum þeirra, öllum á bernsku skeiði. Arnfríður reyndist börnum Jóhanns sem besta móðir eftir því sem þau hafa sagt mér síðar. Meðal barna Jóhanns á Lýtingsstöðum, er Ingibjörg móðir Brodda Jóhannssonar skólastjóra Kennaraskólans og Jóhanns bónda á Silfrastöðum, mun hún ein á lífi þeirra systkina. Arnfríður Rafnsdóttir andaðist að Mælifelli síðla vetrar 1900 á sjötugasta og þriðja aldursári.

Ég man Arnfríði vel frá æskuárum mínum. Hún var kona hávaxin og bein í baki og bar sig vel þó komin væri yfir sextugt er ég fyrst minnst hennar. Toginleit var hún og fölleit, andlitið furðu hrukkulítið á svo roskinni konu. Vel eygð var hún, ennið hátt og bjart undir grásprengru hári, furðu þroskamiklu og lifandi, sem hafði upphaflega verið svart. Þær mamma og Arnfríður ræktu vel frændsemi sína. Flest ef ekki öll árin sem við áttum heima á Miðsetju heimsótti Arnfríður frænka okkur. Venjulega kom hún síðla hausts, þegar mestu búskaparannir voru hjá liðnar. Gangandi kom hún ætíð, en fékk flutning yfir Héraðsvötnin, frá Héraðsdal, auðvitað á hestum. Dvaldi hún venjulega vikutíma hjá okkur, en pabbi sá svo um flutninginn vestur yfir Vötnin.

Þessir dagar er Arnfríður dvaldi á heimili okkar voru mér sannir hátíðisdagar og enn þá slær frá þeim ljóma yfir æfiveldið. Frænkan vissi svo margt og kunni þá list að segja frá svo unun var á að hlýða, málrómur hennar var sterkur en þó hljómfagur og lét vel í eyrum. Mest voru það þjóðsögur er hún sagði, útilegumannasögu og ævintýr. Eina langa útilegumannasögu sagði hún, sem ég hefi hvergi séð skráða og hefi ég þó gluggað í margt af því tagi. Oft hefur mig langað til að rifja þá sögu upp og færa hana í letur, en aldrei lagt út í það, fannst söguþráðurinn orðinn svo máður í minni mínu, að úr yrði skáldskapur að miklu leyti, og ver farið en heima setið.

Símon Jónsson og Arnfríður Rafnsdóttir eignuðust einn son⁵ er heitinn var Rafn Júlíus, fæddur 28. júlí 1866. Um fæðingarstað hans er óvíst⁶, því frá 1862-71 voru foreldrar hans hvergi taldir búendur, hafa að líkindum verið í húsmennsku. Meðan Rafn Júlíus dvaldi í Skagafirðinum, en þar átti hann heimili fram á fullorðinsaldur, var hann ætíð nefndur Júlíus eða bara Júlli, og var það að ráði móður hans. Væri hún spurð um ástæðuna svaraði hún venjulega: „Mér hefur ætíð þótt Rafnsnafnið ljótt.□ En svo var spurt: „Hvers vegna valdirðu þá einkasyninum þetta heiti?□ yppti Arnfríður venjulega öxlum og sagði: „Ætli nokkurskonar ættrækni hafi ekki þar um ráðið.□

Aldursmunur okkar Rafns Júlíusar var það mikill að ég man hann ekki nema sem fullvaxinn mann, en þá þótti mér hann allra manna gjörvilegastur. Hann var hár og herðibreiður og allur vel í vexti. Fríður sýnum og svipurinn bjartur og hreinn. Vel greindur var hann og laglega haggmæltur, man ég að ég dáði þennan frænda minn manna mest. Rafn Júlíus var ekki nema tíu ára er faðir hans lést, efnin sáralítill, svo varð móðir hans að sæta vinnu hjá öðrum og þá sem vinnukona, aðrir úrkostir voru þá ekki fyrir hendi.

⁵ RE: skv . Íslendingabók eignuðust þau fleiri börn er létust. Þar kemur einnig fram að Arnfríður átti sonin Benjamín áður en þau tóku saman, hún og Símon. Ekki er vitað um ævi hans.

⁶ RE: Skv. kirkjubókum/sóknarbókum var Símon vinnumaður að Tunguhálsi er Rafn fæddist.

Fljótlega munu þau mæðginin hafa flust vestur yfir Vötnin og sonurinn hafa farið að vinna hjá vandalausum er orkan leyfði, jafnvel fyrir fjórtán ára aldur. Fyrst réðist hann að Vindheimum til hjónanna Eyjólf Jóhannessonar og Guðbjargar Sigurðardóttur. Hann dvaldi hjá þeim fyrstu unglingsárin. En er honum óx fiskur um hrygg þoldi hann ekki ráðríki Eyjólf og sviftibylji geðsmuna hans og dreif sig í burtu, og það í aðra sveit, eða út á Laxárdal á Skaga. Þar hefur Rafn Júlíus fyrst kynnst sjósókn af eigin raun, því á Skaga var sjórinn stundaður jafnt og landbúnaðurinn. En hugurinn leitaði lengra. Hann vildi reyna fleiri úrræði til lífsbjargar. Þá voru Austfirðir að verða eftirsóttur staður ungum mönnum og framgjörnum, vegna vaxandi atvinnumöguleika þar og fjölbreyttni í atvinnuháttum. Þangað leitaði því Rafn Júlíus rúmlega tvítugur að aldri, en hélt þó sambandi við æskusveit sína Skagafjörðinn fyrstu árin og heimsótti móður sína árlega. Eins og fyrr segir, dó Arnfríður Rafnsdóttir á Mælifelli og mun sonur hennar hafa komið henni þar fyrir eftir að heilsu hennar fór að hraka.

Þegar Rafn Júlíus fór alfarinn úr Skagafirðinum, tók hann upp Rafnsnafnið og varð það aðalheiti hans síðan. Hann settist að á Norðfirði, stofnaði þar heimili og staðfesti ráð sitt. Því miður veit ég engin deili á konu hans, en eftir myndum að dæma hefur hún verið kvenna glæsilegust. Rafn Júlíus eignaðist fljótlega bát og sótti fiskiveiðar af kappi en með forsjá þó. Auðmaður varð hann ekki, sem sumir föðurfrændur hans, en sá vel um heimili sitt, sem þó var all stórt meðan börnin hans voru á æskuskeiði. Hann andaðist 8. júlí 1934 í Reykjavík⁷ og hafði þá átt þar heimili um sinn.

Þegar Rafn Júlíus var vinnumaður á Skaga kynntist hann konu, sem Elín hét og var Andrésdóttir, gat barn með henni og var það sveinn og skírður Jón. Heyrði, ég það að faðirinn hafi verið 19 ára er þessi fyrsti niðji hans fæddist, enda urðu samskipti þeirra ekki önnur. Jón Rafnsson ólst upp hjá móður sinni og lengst af á Hvalnesi á Skaga, hjá Sigurði Jónussyni og Guðrúnu Þorkelsdóttur frá Svaðastöðum, sem voru vel efnuð. Elín var þarna vinnukona meðan gömlu hjónin voru við búskap. Þau mæðgin Elín og Jón hófu búskap 1909 á Hvalnesi og bjuggu þar í tvö ár. Eitt ár eru þau talin búendur á Heiði í Gönguskörðum. Það var árið 1911-1912. Skömmu síðar flyst Jón Rafnsson austur á Norðfjörð á vit föður síns, sem þá rak þar útgerð eins og fyrr segir. Þar átti Jón heimili í áratugi, giftist og gat börn. Nú á hann heimili í Reykjavík og vinnur enn alla algenga verkamanna vinnu þó komin sé fast að áttæðu.

⁷ RE: Á að vera 1933 í Vestmannaeyjum og bjó hann þar síðustu ár sín.

Rafn Júlíus eignaðist all mörg börn með sinni konu⁸, veit ég ekki nákvæmlega hve mörg þau voru. Nú eru fjögur þeirra á lífi, tvær konur og tveir karlar, Helga gift Ísleifi Högnasyni. Þau eiga þrjú börn, eina stúlku og tvo syni, þau eru gift og eiga afkomendur, að ég hygg. Guðrún Rafnsdóttir er tvígift, átti einn son með fyrri manni sínum. Þau slitu samvistum eftir skamma sambúð. Seinni maður Guðrúnar Rafnsdóttur er Eggert Þorbjarnarson, og eiga þau tvö börn, son og dóttur. Synir Rafns Júlíusar eru, Jón, hefur ekki gifst, en á einn son, og Jóhann giftur og á tvo syni. Jóhann Rafnsson á heima í Stykkishólmi, hinn í Reykjavík. Allt er þetta gjörvulegt greindarfólk og dugmikið að hverju sem að starfar.

Veturinn 1935 flutti ég dóttur mína Þórdísi, suður á Vífilsstaðahæli. Þá dvöldu þar tvær dætur Rafns Júlíusar, sem sjúklingar, Sigríður og Arnfríður hétu þær. Í þetta skipti var ég í Reykjavík um tveggja mánaða tíma og heimagangur á hælinu, svo ég kynntist þessum systur töluvert. Báðar voru þær prýðis konur, en þó nokkuð hvor á sinn hátt. Sigríður kvenna fríðust, vel viti borin og blíðlynd að eðlisfari. Gift var hún, átti tvær dætur, dálítið stálpaðar, mjög snotrar hnátur. Þær komu af og til að heimsækja mömmu sína, og við sæng hennar sá ég þær nokkrum sinnum því Sigríður var rúmföst og víst lítil batavon, enda andaðist hún áður en árið var til enda liðið. Arnfríður var ekki eins fríð og systir hennar og þó var hún gjörvilegasta kona. Ferilvist hafði hún og var tiltölulega hress, sá ég hana í hvert skipti er ég kem á hælið og fannst æ meira til hennar koma, því oftast sem fundum okkar bar saman. Tel ég Arnfríði æ síðan í hópi hinna best gefnu kvenna, sem ég hefi kynnst á langri ævi minni. Arnfríður var athafnakona að eðlisfari, og stóð því ætíð í fremstu röð þjáninga-bræðra sinna og systra. Ég vonaði lengi að henni tækist að sigra í baráttunni við óvin lífsins, með dugnaði sínum og skapfestu. Þá von lét ég í ljós í þessari vorvísu er ég sendi henni:

Nú er alltaf himinn heiður
hlýnar jörð og túnin grænka.
Mætti líka lífs þíns meiður
laufi skryðast kæra frænka.

En svo kom feigðarfréttin, sem tók af öll tvímælin.

⁸ RE: Tíu

Jón Rafnsson

Jón er fæddur 12. janúar 1832 að Breið eins og systkini hans önnur, til aldurs komust. Hann var ekki nema 7 ára er foreldrar hans hættu búskap. Grun hefi ég um það að Jón hafi fylgt föður sínum og dvalið í skjóli hans næstu árin, en eflaust hefur hann farið að vinna fyrir sér svo fljótt sem orkan leyfði, en hvar sem hann dvaldi unglingsárin þroskaðist hann vel. Jón var maður hár vexti og vel limaður fríður sýnum, dökkur á brún og brá með mikið hrafnsvarnt hár yfir björtu enni. Skarpgreindur var hann og hagamæltur vel, röskur til allrar vinnu, bæði á sjó og landi. Arnfríður systir hans lýsir honum þannig, en bætti svo gjarnan við: „Jón bróðir var eitt það mesta glæsímenni sem ég hef séð, en hann var nokkuð vínheigður og því fór sem fór. □ Mér hefur stundum dottið í hug að sonur Arnfríðar, Rafn Júlíus hafi erfð eitthvað af aðdáun móður sinnar á þessum velgjörða bróður hennar, því tveimur sonum sínum gefur hann nafn hins glæsilega bróður. Annars hef ég fát fregnað af Jóni Rafnssyni, nema hin raunalegu endalok hans.

Jón Rafnsson giftist 1860, Guðrúnu Ólafsdóttur frá Háagerði á Höfðaströnd. Ólafur faðir hennar var skýrleiks maður og þótt snjall hagröðingur. Hann býr að Háagerði frá 1825-1861, en á tekur tengdasonur hans við búskap þar.

Háagerði er hjáleiga frá Hofi og nytjalítið kot uðru því ábúendur að stunda sjósókn sér til lífsbjargar og mun Jón einnig hafa orðið það að gera, því sjómennsku var hann alvanur er hér var komið.

Svo var það 15. desember 1869 að Jón fer til Hofsóss að sækja til jólanna. Hann var fótgangandi og hugðist bera varninginn heim úr kaupstaðnum, eins og títt var á þessum tímum. Jóni dvaldist í kaupstaðnum, svo komið var myrkur er hann lagði af stað heimleidis með allþunga byrði á bakinu en það sem verra var, að farið var að ganga að með hríð. Snjór var töluverður og þyngsla færi. Jón lagði þó öruggur út í sortann, oft hafði hann farið þessa leið og ekki ævinlega í björtu. Svo hafði hann hresst sig á víni sem venja hans var. En áður en langt var gengið skall á blindbylur og þá segir fátt af einum.

Ekki kom Jón heim um kveldið, og var þá hafin leit að honum að morgni. Hann fannst brátt, sat hann undir barði einu með bagga sinn á baki, eins og hann hefði ætlað að hvílast augnablik. Jón var á réttri leið og átti skammt eftir heim að Háagerði. Þegar farið var að hreyfa við Jóni komi það í ljós að fót hans voru stökkfreðin, þótti þá auðsætt að í hríð og náttmyrkri, hefði hann tapað götuslóðanum og lent niður í mógröf er var þar skammt norðan götunnar, haft sig upp úr foræðinu með hörkubrögðum. En þar sem frostharka var mikil varð hann fljótt sem klakastumpur og þraut því gönguna, von bráðar.

Guðrún Ólafsdóttir, ekkja Jóns, hélt búskap áfram í Háagerði til 1877 og kom börnum þeirra til þroska, en þau voru tvö, piltur og stúlka, mestu efnismenn. Stúlkán andaðist úr umferðaveiki, eins og það er orðað, tæplega tvítug en pilturinn duknaði, er hákarlaskip, er hann var á, fórst undan Fljótum í stórhrið. Þá var þessi glæsilegi kynkvistur allur.

Hinrik Rafnsson

Þá er komið að síðasta niðja þeirra Rafns og Katrínar, er þroska aldri náði. Raunar er Hinrik annar í röðinni, ef eftir aldri er talið, en þar sem hann er móðurfaðir karlsins, er þetta klórar, var sanni næst að enda á honum. Hinrik Rafnsson er fæddur 4. apríl 1824 að Breið í Tungusveit. Hann ólst upp hjá foreldrum sínum fram yfir fermingu, en fór þá í vinnu hjá vandalausum, eins og títt var um unglunga, er áttu efnalitla foreldra. Árið 1845 var hann vinnu- maður að Dæli í Sæmundarhlíð. Það ár fæðist honum dóttir. Móðirin var vinnukona að Sólheimum í sömu sveit, og hét Halldóra Arnþórsdóttir ættuð frá Ásbúðum á Skaga. Faðir hennar Arnþór Björnsson var búandi þar og sá hinn sami er lenti í eftirminnilegum sjóhrakningum með Erlendi Guðmundssyni frá Holtastöðum í Langadal. Erlendur hafði þá í átján ár róið haustvertíðir frá Ásbúðum og aldei hlekkst á. Hann átti sexæring gott sjóskip. Venjuleg áhöfn var sex menn auk Erlendar sjálfs, en vegna manneklu, byrjaði hann róðra með einungis fjóra háseta.

Svo var það miðvikudaginn 6. október 1798 að Erlendur bjóst í róður. En þegar þeir voru að setja fram bátinn kom Arnþór hlaupandi og beiddist að fá að fljóta með þennan róður til að fá í soðið, hvað Erlendur leyfi með nokkurri tregðu þó. Veður var frostlaust og lygnt, en suðurloftið korgað, réri því Erlendur skemmra en venjulega. Ekki höfðu þeir lengi setið er fór að hvesa suðvestan, höfðu því upp færin og réru í áttina til lands. En svo skjótt hvessti að ekkert varð við ráðið. Segullausir voru þeir, sem venja var, rak nú bátinn undan stormi og sjónum á haf út. Með kvöldinu gekk á útvestan hríðarveður og bátinn rak austur með landinu.

Þessa hörmulegu hrakningasögu rek ég ekki hér, því skráð var hún af Erlendi sjálfum prentuð í *Minnisverðum tíðindum* árið eftir. Þess skal þó getið, að á laugardag, fleytti bátnum á land í hægri norðan golu skammt frá bænum Vík í Flateyjardal, austur við Skjálfandaflóa. Þá var einn háseti andaður, unglingspiltur lítt harðnaður, en hinir lagstir fyrir. Erlendur hafði setið undir stýri lengst af, aðeins tvisvar verið hvíldur, stutta stund í senn, þó gat hann brölt út úr bátnum og reyndi að halda honum á kili, því svolítill súgur var við

ströndina. Tveir menn voru að saga við hjá hjalli þar skammt frá, tóku þeir fljótlega eftir því að ekki með felldu, komu hlaupandi og brýndu bátnum. Var nú unninn bráður bugur að því að koma bátsverjum til bæjar. Tveir voru studdir heim, Erlendur og háseti er Guðmundur hét, en hinir voru bornir á brekánunum. Erlendur og Arnþór lágu í sjö vikur, misstu tær en urðu að öðru leyti lausir við örkuml, og heim komust þeir svo rétt fyrir jólin, auðvitað fótgangandi. Áður en þeir byrjuðu ferðina heim, voru hafin samskot um nágrennið og þeim gefinn fatnaður og skotsilfur til fararinnar. Kostnaður við dvöl þeirra og læknishjálp var þeim einnig gefinn. Hinir þrír dvöldu enn fyrir austan, er grein sú var rituð, er ég hefi áður um getið.

Halldóra Arnþórsdóttir er fædd um 1800, eða litlu fyrr. Hún ólst upp hjá foreldrum sínum og varð þroskamikill unglingur, var því snemma talin fullgild vinnukona, styrk sem karlmaður og áhuginn til verka mikill. Árið 1824 eignast hún barn með Sigurði Þorsteinssyni bónda á Ytra-Mallandi á Skaga, það var meybarn fædd 12. mars og skýrð Guðbjörg. Halldóra var áfram í vistum og hafði barnið á kaupum sínum.

Guðbjörg var efnilegt barn og líkleg til þroska. Ekki veit ég hvenær þær mæðgur fluttu inn í Skagafjörðinn, en grun hefi ég um að það hafi verið á bernskuárum Guðbjargar. Árið 1823 flytur að Kryddhóli, ysta bæ í Lýtingsstaðahreppi, Arnþór Arnþórsson og Ingibjörg Þorsteinsdóttir. Þorsteinn faðir Ingibjargar var Oddsson frá Sólheimum í Sæmundarhlíð. Þorsteinn Oddsson bjó að Kryddhóli síðan 1792, og var talinn örvasa gamalmenni er tengdasonur hans tók við. Arnþór bjó á Kryddhóli allan sinn búskap, eða til 1855.

Börn átta þau Kryddhólshjón og heyrði ég tveggja þeirra getið Þorsteinn hét sonur þeirra. Hann bjó að Miklagarði hjá Hraunbæ, og víðar var lagtækur og smíðaði einkum skónálar. Ferðaðist um einkum á efri árum sínum og seldi smíðisgripina, var því kallaður Nála-Steini. Giftur var Þorsteinn Karólínu Jóhannsdóttir, átta þau nokkur börn. Systir Þorsteins hét Ingibjörg, hún giftist Jóni Jónatanssyni og bjuggu þau á Kryddhóli all mörg ár. Dóttir þeirra Ingibjörg fer ung að árum að Vindheimum til Guðbjargar Sigurðardóttur og Eyjólf Jóhannessonar, er þar bjuggu rausnarbúi yfir fjörutíu ár. Þær Guðbjörg og Ingibjörg voru að öðrum og þriðja frá Arnþóri á Ásbúðum. Eftir afgang þeirra Vindheimahjóna, giftist Ingibjörg Birni Sigfússyni, Hannessonar frá Brenniborg. Hjónaband þeirra var barnlaust. Eins og þegar hefur verið gefið í skyn voru þau systkinin, Halldóra Arnþórsdóttir og Arnþór á Kryddhóli og má vera að sá skyldleiki hafi stutt að vistferlum Halldóru til Skagafjarðar. Ekki voru samskipti þeirra Halldóru og Hinriks langæ, sem varla var von, því

aldursmunur þeirra var æði mikill. Hinrik rúmlega tvítugur, en Halldóra miðaldra kona eða rúmlega það. Samt mun Hinrik hafa rækt brýnustu föðurskyldur við litlu stúlkuna, að minnsta kosti, gaf hann meyjunni nafn móður sinnar Katrínar Hinriksdóttir frá Tunguhálsi. Þó mun uppeldi Katrínar litlu að mestu hafa lent á móðurinni. En Halldóra var afburða dugleg verkakona, bæði við úti og innistörf, svo hún gat valið um vistir þó hún hefði ómaga í eftirdragi.

Það er af Hinriki Rafnssyni að áður en langt leið fór vera hans í Skagafirði að verða gloppótt. Ungur að árum byrjaði hann að róa á vetrarvertíðum suður á Suðurnesjum og hélt því áfram til æviloka að mestu.

Eins og fyrr segir flytur móðurbróðir Hinriks Gunnlaugur frá Tunguhálsi vestur að Stóra-Ósi í Miðfirði, réðist þar til bús með ekkju. Eftir það fer Hinrik að eiga heimili hjá honum. Árið 1856 giftist Hinrik stúlku þar úr sveitinni og getur með henni einn son, er Gísli var heitinn. Gísli Hinriksson er fæddur 1858. Þó Hinrik Rafnsson staðfesti ráð sitt, hélt hann uppteknum hætti að stunda sjóinn á Suðurnesjum á vetrarvertíðum, en var heima aðra tíma ársins. Svo skeður það veturinn 1866, að þeir fóru fjórir á bát til Reykjavíkur og var Hinrik einn þeirra. Veður mátti heita gott, en gekk á með vindkviðum, sem stóðu af landi en sjólaust með öllu. Svo skeður það er þeir voru á heimleið, staddir undan Vatnsleysuströnd, að hatturinn fauk af Hinriki í einni hviðunni. Þegar bátinn bar að hattinum seildist Hinrik eftir honum. Í sama bili reið smá alda undir bátinn með þeim afleiðingum að Hinrik steyptist fyrir borð. Félagar Hinriks tóku skriðinn af bátinum ef ske kynni að honum skyti upp aftur. En í þetta sinn skilað sjórinn ekki aftur herfangi sínu. Hinrik Rafnson var einungis 42 ára er hann drukknaði.

Gísli Hinriksson ólst upp hjá móður sinni og frændum í Miðfirðinum. Gísli þroskaðist vel og varð hinn gjörvilegasti og vaskasti maður, greindur var hann og laglega hagarður. Gísli aflaði sér meiri og betri menntunar en almennt var á þeim tíma, en eftir hvaða leiðum veit ég ei, en þykir líklegt að um sjálfsnám hafi það að mestu verið. Mamma átti lengi tvö bréf frá þessum hálfbróður sínum og var prýðilega frá þeim gengið. Gísli skrifaði ágæta rithönd og stíllinn liðugur og gamansamur. Annað bréfið var að hálfu í ljóðum, vel kveðið þótti mér það. Því miður glataði gamla konan bréfunum, þykir mér líklegt að hún hafi brennt þau. Gísli var tvíkvæntur, hét fyrri kona hans Jakobína Jónsdóttir. Þau áttu einn son er Gísli hét, lærði skipstjórnarfræði og var orðinn stýrimaður. Hann drukknaði ungur að árum við Englandsstrendur. Gísli missti Jakobínu eftir fremur skamma sambúð. Þá var sem eitthvert los kæmist á hann við konumissirinn því

hann yfirgefur áttagana og flytur suður á Akranes og átti þar heim þar til yfir lauk.

Eftir að Gísli kom suður giftist hann öðru sinni, hét konan Petra Andrésdóttir. Þau eignast fimm börn, tvo drengi Hinrik og Karl, en stúlkurnar hétu, Emilía, Lára og Jenní. Einn drengi átti Gísli utan hjónabands, heitir hann Gústaf og er búsettur í Færeyjum, sagður dugnaðarmaður. Jenní hefi ég eina hitt af börnum Gísla Hinrikssonar og það með svo sérstökum hætti að ég get ekki stillt mig um að skjóta hér inn á milli stuttri frásögn af fyrsta fundi okkar.

Það var snemma vetrar 1949 að við Hólmfríður dóttir mín flugum til Reykjavíkur. Um morguninn sendum við skeyti til hjóna í Hafnarfirði, sem við vorum vel kunnug, um að við kæmum suður með flugvélinni þá um daginn. Hjón þessi hétu Gunnlaug og Sigurjón, þær eru systradætur Gunnlaug og Hólmfríður. Sigurjón átti bíl og vissum við að hann mundi ekki telja það eftir sér að sækja okkur til Reykjavíkur. Ferðin gekk að óskum, en þegar vélin kom á leiðarenda var Sigurjón ekki þar mættur. Eftir nokkra bið í afgreiðslu flugfélagsins, kom okkur Hólmfríði saman um það að taka Hafnarfjarðarbílinn því líklega hefði skeytið ekki komið til skila, slíkt var ekki með öllu óþekkt. Við náðum fljótlega í bílinn og að skömmum tíma liðnum skilaði hann okkur að Holtsgötunni í Hafnarfirði. Við feðginin röltum nú upp Holtsgötuna að númer 13, en þar áttu þau heima Gunnlaug og Sigurjón, en þegar þangað kom var húsið lokað. Kalsaveður var og leist okkur ekki vel á það, að standa þarna lengi. En rétt í þessu sjáum við konu koma yfir götuna og stefna til okkar. Konuna bar skjótt að, hún kastar á okkur kveðju og spyr: „Eruð þið gestirnir að norðan sem Gunnlaug átti von á? □ Við kváðum svo vera. Þá segir konan: „Hún bað mig að taka á móti ykkur, ef svo illa til tækist að þið færust hjá og kæmuð hingað á undan þeim hjónum, og komið þið nú með mér, ég á heima rétt vestan götunnar. Annars heiti ég Jenní Gísladóttir. □ Við feðginin þáðum með þökkum hið góða boð konunnar og innan stundar sátum við inni í notalegri og snotri stofu hennar. Tókum við bráðlega tal saman, sagði ég deili á okkur gestunum og hvaðan við værum. Meðal annars spurði ég Jenní hvort hún væri Reykvíkingur að ætt og uppruna. „Ónei, □ svarar hún, „eiginlega er ég Akurnesingur, því þar er ég fædd og uppalin, en afi minn hvað hafa verið Skagfirðingur. □ „Hvað hét hann þessi afi þinn, □ spyr ég. „Hinrik hét hann, □ segir hún, og „var Rafnsson,“ bætti ég við. Jenní leit á mig spyrjandi augum og sagði: „Það mun rétt vera, þú kannast kannske við ættina? □ „Ekki er nú alveg laust við það, □ svaraði ég, „því ég hygg að Hinrik afi þinn hafi verið faðir móður minnar. □ Við Jenní héldum svo áfram að bera saman bækur okkar og niðurstaðan var sú að við vorum systkinabörn.

Ég heimsótti þessa nýfundnu frænku mína oft og fræddist dálítið um föður hennar og systkini. Ekki vissi hún til þess að Gísli faðir hennar hefði notið annarrar menntunar en er hann aflaði sér með sjálfsnámi, þó stundaði hann barnakennslu langa ævi og fram á elliár og þótti vel takast. Gísli var þrúðmenni hið mesta og löðuðust börn mjög að honum og raunar allir er kynntust honum að ráði. Seinni konu börn hans voru öll á lífi, sum búsett á Akranesi, önnur á Suðurnesjum. Maður Jenníar var bakari og áttu þau þrjú börn að mig minnir öll gerfileg og vel gefin. Virtust þau hjón komast vel af efnalega. Jenní Gísladóttir er ekki málug kona en þó góð viðmælis. Fremur virtist mér hún vilja ræða um önnur efni en um sig sjálfa og sína nánustu. Gísli faðir hennar var látinn er þetta gerðist, ekki finn ég dánarár hans en hygg það hafa verið 1947 eða 48.

Þá er víst mál til komið að víkja sögunni til Katrínar litlu Hinriksdóttur, þar sem hún dvelur undir verndarvæng sinnar dugmiklu móður. Katrín litla var snemma tápmikil og vandist allri vinnu strax og orkan leyfði. Árið 1857 giftist Guðbjörg Sigurðardóttir hálsystir Katrínar litlu, Eyjólfu Jóhannessyni frá Vindheimum í Tungusveit. Það var að ráði að Halldóra réðist til ungu hjónanna með dóttur sína, þá tólf ára. Þau Eyjólfur og Guðbjörg bjuggu fyrst á Reykjavöllum í Neðribyggð en 1859 flytjast þau að Vindheimum á hálfu jörðina. Á hinum helmingnum bjó Jóhann Jóhannesson og Arnfríður Jóhannesdóttir, hálsystir Eyjólfu. Þau systkinin bjuggu í sambýli til 1864, en þá urðu þau Jóhann og Arnfríður að rýma til fyrir Eyjólfu, en nauðug, þá einkum Arnfríður. En Eyjólfur var maður geðmikill og ráðríkur, svo ekki var álitleg sambúð við hann, enda Vindheimar tæpast tvíbýlisjörð.

Eyjólfur og Guðbjörg bjuggu á Vindheimum í full 40 ár, eða til 1902. Þau voru vel efnuð enda bæði búmenn góðir. Eyjólfur var mikill atorkumaður, framgjarn og framsýnn. Hann bætti jörð sína, græddi út tún, reisti öll fénaðarhús og hlöður við. Bæjarhús reisti hann einnig reisuleg og traust.

Guðbjörg Sigurðardóttir var há kona toginleit og all þrekin og björt yfirlitum. Hún var búslukona mikil, ekki síður en maður hennar, þrífing og sparsöm, mikilvirk var hún og fjölvirk, saumaði t.d. flest er til þurfti heimilisins. Hún andaðist 1903, á áttugasta aldursári. Eyjólfur burtkallaðist 6. febrúar eða rúmum mánuði eftir afgang Guðbjargar, fór vel á því.

Engan hefi ég þekkt sem virti og dáði sína eiginkonu, sem Eyjólfur. Ég dvaldi hjá þeim hjónum í þrjú ár frá 13 ára aldri til 16, og kynntist þeim þá töluvert, einkum Eyjólfu. Þrátt fyrir óstýriláta geðsmuni og hranaskap á stundum, laðaðist ég að þessum heita tilfinninga manni sem gerði mig óreyndan ungling að trúnaðarmanni sínum. Hann las mér kveðskap sinn sem að mestu var bæna-

og trúarljóð, því Eyjólfur var heitur trúmaður á gamla vísu. Einu sinni sagði hann þó við mig: „Það eitt er, sem ég á bágð með að fyrirgefa Drottni mínum. Að hann skyldi gera mig þannig úr garði að ég var ekki megnugur til að sá í þennan blessaðan akur svo að ávöxtur yrði af.“ Eins og þessi orð Eyjólfss benda til voru þau Vindheimahjón barnlaus.

Árið 1876 fluttust Jóhann og Arnfríður systir Eyjólfss til Ameríku. Þá áttu þau auk fleiri barna dóttur er Hólmfríður hét, tæpra tveggja ára. Þá sættust þau systkinin heilum sáttum um það að Hólmfríður litla yrði eftir í umsjá Eyjólfss en hann lofaði að gera litlu stúlkuna að aðalerfingja sínum, og það heit hélt Eyjólfur með sóma.

Katrín litla Hinriksdóttir var fermd vorið sem þau Reykjavallahjón fluttust að Vindheimum, vorið 1859. „Sæmilega læs, kann vel,□ stendur við nafn hennar í kirkjubókinni. Nú varð það hlutskipti Katrínar, sem annarra umkomulítilla unglunga á þeim tímum að ráðast til vandalausra. Hún var ráðin í vist fram að Bakkakoti í Vesturdal. Þá bjuggu þar aldurhugin hjón Hjálmar Árnason og Guðrún Stefánsdóttir. Þau höfðu þá búið að Bakkakoti í tæp 30 ár og efnast vel. Hjálmar í Bakkakoti var nefndur hinn ríki. Hann átti Bakkakot og auk þess jörðina Bústaði í Austurdal. Katrín hafði náð góðum þroska og vanist allri vinnu, bæði utan húss og innan. Hún var vinnufús og þrekmikil sem móðirin, kom sér því skjótt vel á nýja heimilinu. Helga hét dóttir þeirra Bakkakotshjóna, mun hún hafa verið á líkum aldri og Katrín, urðu þær mjög samrýmdar og entist sú vinátta meðan báðar lifðu. Helga giftist Jóni Jónssyni lækni frá Tunguhálsi. Það sama ár reistu þau bú í Bakkakoti. Jón lést árið 1900 en Helga bjó áfram á föðurleifð sinni til æviloka. Helga andaðist 1916 og fannst öllum er einhver kynni höfðu af henni haft, að þar hyrfi af sjónarsviði ein mikilhæfasta kona sinnar samtíðar.

Árið 1864 giftist Hjörtur, sonur Bakkakotshjónanna, hét kona hans María Jóhannesdóttir. Ungu hjónin byrja þá um vorið búskap að Bústaðum í Austurdal. Katrín Hinriksdóttir flytur með þeim í Bústaði og vann hjá þeim næstu árin. Varð fljótt umfangsmikill búskapur hjá þeim Hirti og Maríu, og lá Katrín ekki á liði sínu, enda hlaut hún hylli húsbændanna öðrum fremur. Ljóst dæmi um það, er sú saga að með húsbónda sínum fékk hún að fara lengstu og fyrstu ferðina, er hún fór um sína daga. Það var er Hjörtur flutti ull í kaupstað, vestur í Höfðakaupstað á Skagaströnd. Sú ferðasaga verður ekki sögð hér þó hún sé mér að nokkru leyti kunn, á þetta er einungis drepið til að sýna hug húsbændanna á Bústaðum til hinnar dugmiklu og starfsfúsu vinnukonu sinnar.

Næst er frá Katrínu að segja að 28. október fæðist fyrsta barn hennar, var það meybarn. Faðirinn hét Árni, hafði hann verið vinnumaður á Skatastöðum, næsta bæ við Bústaði að austan verðu í Dalnum en ráðist að Ölduhrygg í Svartárdal vorið sem frumburður hans var í heiminn borinn. Árni gekk greiðlega við faðerni barnsins, en þar með var lokið samskiptum Katrínar og hans.

Nú var Katrín Hinriksdóttir komin í svipaða stöðu og móðir hennar, að eignast barn með manni er vildi svo vera laus allra mála við hana. En Katrín lenti ekki í neinum vandræðum. Hún var nær hálf þrítug að aldri heilsuhraust og vel vinnandi. Hún var búin að vinna hjá sömu ættinni í tug ára og afla sér trausts og velvild húsbænda sinna. Til þess bendir að húsfreyjan á Bústöðum heldur litlu stúlkunni undir skírn, og gefur henni nafn sitt. En nú byrja stormar örlaganna að skaka þetta trausta heimili svo við hruni liggur. Fyrst fellur húsfreyja María fyrir hinum slynga sláttumanni. Önnur María kemur reyndar í hennar stað, en það verður aðeins stundarhlé því þremur árum síðar fylgir þessi seinni María hinni fyrri í kirkjugarðinn í Goðdölum. En þá var Katrín Hinriksdóttir farin frá Bústöðum, því árið 1872 fer hún vistferlum með litlu dótturina að Gilsbakka.

En Hjörtur býr áfram á Bústöðum og kvænist í þriðja sinni 1878 Ingibjörgu Gunnarsdóttur frá Skíðastöðum í Laxárdal ytri. Þessa konu missir hann eftir tveggja ára búskap, eða 1880. Skömmu síðar flytur Hjörtur svo alfarinn frá Bústöðum að Skíðastöðum á Laxárdal og kvænist Þórunni Gunnarsdóttur alsystur Ingibjargar þriðju konu sinnar. Þórunn Gunnarsdóttir var skörungskona mikil. Hún hafði rekið bú að Skíðastöðum í fimm ár áður en hún giftist Hirti, og þegar sýnt að hún var hagsýn og stjórnsöm búslukona, Hjörtur og Þórunn ráku stórt rausnarbú að Skíðastöðum í fimmtán ár, eða til 1898 en það ár deyr Hjörtur. Þórunn býr áfram, eftir fráfall eiginmanns síns, nær tvo áratugi. Hún andast að Skíðastöðum 1945 og skorti þá eitt ár í hundrað. Öll hjónabönd Hjartar voru barnlaus.

Bærinn Gilsbakki stendur austan Jökulsár eystri út og yfir frá Bústöðum og blasir vel við þaðan. Var oft kallast á yfir ána ef koma þurfti skilaboðum milli bæjanna. Um þetta leyti bjuggu á Gilsbakka miðaldra hjón Jón Jónsson og Valgerður Guðmundsdóttir. Jón var Eyfirðingur að ætt, bróðir Ara⁹ í Víðigerði í Eyjafirði, sem var góður hagyrðingur talinn. Jón á Bakka, eins og hann var venjulega kallaður, var skáldmæltur ekki síður en bróðir hans, og mun lengi

⁹ RE: Í handriti stendur Ára, breytti í Ara, sjá <http://skjalasafn.skagafjordur.is/lausavisur/visur.php?VID=3885>

minnst verða sem einhvers snjallasta og orðslyngasta hagröðings síns tíma hér í Skagafirði. Gleðimaður var Jón en dálítið ölkær eins og títt er um slíka menn. Smiður var hann, einkum á málma, svo segja mátti að honum væri flest til lista lagt. Valgerður var dóttir Guðmundar Guðmundssonar er bjó að Árbæ í nær hálfa öld, hún þótti mikil mannkosta kona, gjafmild og hjálpfús. Þau Gilsbakka-hjón voru efnahagslega sjálfstæð, áttu ábyli sitt og allgott bú. Þarna kom Katrín sér vel og vann skjótt hylli húsbændanna og litla stúlkan hennar varð uppáhald húsfreyjunnar. Valgerður hafði eignast tvo syni, Gest og Hjörleif, en enga dóttur, svo María litla kom þarna eins og kölluð til að fylla autt tóm í móðurgleði hennar.

Ekki allöngu eftir komu Katrínar að Gilsbakka réði Jón sér vinnumann, Jónas hét hann og var Jónasson Gunnlaugssonar, hörkuduglegan mann til allra verka. Jónas var Eyfirðingur í föðurætt en móðurkyn skagfirskt. Faðir hans Jónas Gunnlaugsson var fæddur 1810 í Saurbæjargerði í Hörgárdal, hét móðirin Jóhanna Ásmundsdóttir, vinnukona þar, en faðir hans Gunnlaugur Jónsson giftur maður sem bjó þá í nágrenninu. Jónas Gunnlaugsson ólst svo upp með móður sinni norður þar. Árið 1844 er hans fyrst getið í Skagafirði þá er hann vinnumaður á Þrastastöðum á Höfðaströnd. Tveim árum síðar giftist hann Guðrúnu Sigfúsdóttur frá Stórubrekku, Sigfússonar frá Garðshorni Jónsson. Þeir feðgar Sigfúsarnir voru taldir greindarmenn og hagamæltir.

Ungu hjónin byrjuðu búskap vorið 1846 á hluta af Þrastastöðum, en 1848 flytjast þau að Stórubrekku og búa þar til 1853, en þá er búskap þeirra lokið og sambúð að ég hygg. Jónas Gunnlaugsson fer fram að Goðdölum í Vesturdal og gerist þar vinnumaður hjá séra Jóni Hallssyni. Hjá presti er hann svo vinnumaður í 37 ár eða til 1890, en það ár flyst séra Jón Hallsson til Sauðárkróks og lætur af prestskap. Jónas Gunnlaugsson deyr nær hálf níraður, að Hofdölum í Viðvíkursveit, hjá Björgu dóttur séra Jóns Hallssonar og Sigurði manni hennar. Jónas Gunnlaugsson og Guðrún Sigfúsdóttir eignuðust þrjú börn, sem komust upp, Jónas ólst upp með föður sínum, fyrst í Goðdölum en svo að Miklabæ í Blönduhlíð, og frá Miklabæ ræðst hann vinnumaður að Gilsbakka sem fyrr segir.

Svo fór að vinnuhjúin að Gilsbakka felldu hugi saman og heitbundust, svo þegar ávöxtur af samdrætti þeirra Katrínar og Jónasar kom í ljós, létu þau prestinn leggja blessun kirkjunnar yfir sambandið. Snemma vors 1876 fæðist fyrsti sonur þeirra, var hann fljótlega vatni ausinn og nefndur Stefán. Um þetta leyti bjó að Tyrningsstöðum á Kjálka ekkjan Anna Stefánsdóttir. Hún var systir bændahöfðingjans Gísla í Flatartungu og honum lík um margt. Búsýslukona

hin mesta, og hafði verið manna hjálplegust, en nú komin að fótum fram. Hún byggði þeim Jónasi og Katrínu hálfu jörðina á móti sér og fluttu þau þangað vorið 1876. Anna andaðist árið 1878, en hafði áður byggt ungum hjónum er hétu Ólafur Jónsson og Björg Ólafsdóttir þann hluta jarðarinnar er hún bjó á. 13. nóvember fæðist annar sonur þeirra Jónasar og Katrínar, hlaut hann nafn föðurafa síns Jónasar Gunnlaugssonar. Síðla vetrar 1883 fæðist svo þriðji og síðasti sonur þeirra Jónasar og Katrínar, hann var skírður Ólafur.

Sumarið 1882 geysuðu mislingar í Skagafirði og víðar þó, fóru þeir ekki fram hjá Tyrfingsstöðum einkum voru bændurnir illa leiknir af pestinni. Jónas náði þó fullri heilsu seint og síðar meir. Ólafur náði engri heilbrigði og andaðist um veturinn, litli sonurinn hlaut því nafn hans.

Nú vildu erfingjar Önnu heitinnar selja jörðina Tyrfingsstaði og bauðst kaupandi, er Sigfús hét og var Dagsson. Ábúendur urðu því að rýma til fyrir kaupandanum. Björg ekkja Ólafs Jónssonar réðst til Ameríkuferðar vorið með son þeirra er Arnljótur hét. Þeir voru nær jafnaldrar, hann og Jónas litli, var mjög ástúðlegt og með þeim og skilnaðurinn því tárur blandinn. Man enn þá stund er Arnljótur var reiddur á brott, hágrátandi, en ég brynnti músunum undir bæjarveggnum.

Eftir töluverða leit eftir jarðnaði, fékk Jónas loforð fyrir hálfu Úlfsstaðakoti í Blönduhlíð, og flutti þangað vorið 1883 með skyldulið sitt, Katrínu konu sína og þrjá syni, Stefán 7 ára, Jónas 4 missera og Ólaf á fyrsta aldursári og Maríu fjórtán ára.

Það er ekki ætlun mín að rekja hér búskaparsögu þeirra Jónasar og Katrínar, hún var víst um fátt frábrugðin sögu annarra fátæklinga á þeim árum, sem aldrei náðu eignarhaldi á landskíka, en áttu afkomu sína undir náð annarra, og urðu því aldrei efnahagslega sjálfstæð, en afkomenda þeirra ætla ég að geta að nokkru.

María Guðbjörg, en svo hét hún fullu nafni, ólst upp með móður sinni og stjúpa fram yfir fermingaraldur. Hún var fermd að Miklabæ vorið 1884 af séra Jakobi Benedikssyni og minnst hans æ síðan með þakklæti og virðingu. Lítillar fræðslu naut María undir ferminguna nema í spurningartímum hjá prestinum, en vel var hún læs og hefur eflaust kunnað kverið sómasamlega og er presturinn setti henni fyrir að læra. María var bæði næm og og minnug og skyldurækin í besta máta. María var vel í meðallagi há, en all þrekin, þó ekki til lýta, myndarleg í sjón, björt yfirlitum og var sem góðleiksbjarmi hvíldi yfir andlitinu. Verkkona var hún í fremstu röð, hvort sem hún gekk að úti eða inni störfum. Strax að fermingu lokinni, réðst María í vistir og var vinnukona á

ýmsum stöðum einkum vestan Vatna, en lengst átti hún heimili að Ytra-Vallhólmi í Vallhólmi. María giftist ekki, en eitt barn eignaðist hún, með Ólafi Sigfússyni frá Hringey í Hólmi. Ólafur var kvæntur maður þegar þetta gerðist, og bjó í Álftagerði þá og lengi síðan. Það var meybarn sem María bar í heiminn og hlaut nafnið Seselía. Ekki mun Ólafur hafa styrkt barnsmóður sína við uppeldi dótturinnar fjárhagslega að mun, enda ekki eftir því kallað. En með dugnaði og hagsýni tókst Maríu að koma dóttur sinni til manns.

Seselía giftist frænda sínum Jóhanni Jónssyni Sigfússonar. Þau byrja búskap vorið 1935 að Litladal í Blönduhlíð og flutti þá María fljótlega til þeirra. Hún var þá búin að vera vinnukona í Ytra-Vallholti í tugi ára. Fyrst hjá gömlu hjónunum Guðmundi Sigurðssyni og Guðrúnu Eiríksdóttur frá Djúpadal, þar næst hjá sonum þeirra, Eiríki og Jóhannesi og loks hjá Jóhannesi er eftir fráfall Eiríks tók við jörðinni og bjó þar fram á elliár við góðan efnahag og mikla rausn. María hafði hjúkrað gömlu húsfreyjunni Guðrúnu Eiríksdóttur sem lá rúmfast allmörg síðustu ár ævi sinnar og vildi ekki þiggja þjónustu af öðrum en sinni vinnukonu.

Nú var sú gamla og góða kona búin að fá hvíldina og hefur Maríu þá fundist sínu hlutverki í Vallholti lokið. Svo hefur hana langað til að létta dóttur sinni byrjunarörðugleikana í sambandi við búskapinn því enn þá munaði um handtökin hennar Maríu þótt komin væri hátt á sjötugasta aldurinn.

Vorið 1947 urðu þau Seselía og Jóhann að flytja frá Litladal. Það varð að ráði að þau fluttu að Daðastöðum á Reykjaströnd. Jóhannes í Ytra-Vallholti átti hálfa jörðina og gaf hann Seselíu sinn hlut hennar, sagði hann að móðir hennar ætti þetta inni í Vallholtsbúinu, og þó meira væri. Þá útvegaði hann Seselíu hinn hlutann til kaups og fékk Ólaf föður hennar til að greiða kaupsverðið, sagði Jóhannes að það væri vangoldinn uppeldiskostnaður hennar. Gerði Ólafur það, enda orðinn vel efnaður. Jóhannes er giftur Sigríði Ólafsdóttur hálfystur Seselíu. María flutti með dóttur sinni að Daðastöðum, en átti þá skammt eftir ævi sinnar. Hún andaðist 16. nóvember 1948, nýlega komin á áttræðasta aldursárið. Jóhann og Seselía hafa eignast fjögur börn, þrjár stúlkur og einn son, eru þau systkinin nú fullvaxta, dugmikil og myndarleg.

Nú viku sögunni aftur til þeirra Jónasar og Katrínar í Úlfstaðakoti, þar sem þau háðu harða og tvísýna baráttu fyrir lífi sínu og sonanna þriggja sem allir voru á ómaga aldri. Jarðnæði var lítið, því aldrei fengu þau meira en hálfendu jarðarinnar til nytja. En árið 1887 vildi eigandinn, sem var Benedikt Kristjánsson, bóndi að Úlfstöðum fá jarðarpartinn lausan, hvaðst þurfa að nytja hann sjálfur. Þá bjó að Miðsetju næsta bæ við Úlfstaðakot að norðan ekkjufnú Rósa

Póra Sigurðardóttir, hafði hún gifst ung að árum, aldurnignum presti Jóni Hallssyni er þjónaði Miklabæjarþingum. Séra Jón var fjáraflamaður eins og margir prestar voru í þann tíð. Hann andaðist háaldraður að Miðsetju 1866. Hlaut Póra þá Miðsetju í sinn hlut og snoturt bú, en erfingjar séra Jóns annað lausafé. Póra býr að Miðsetju áfram, en hin síðari árin byggði hún hluta jarðarinnar.

Nú bauðst hún til að byggja Jónasi og Katrínu 2/3 jarðarinnar gegn því að Jónas hirti um búfénað sinn, sem mjög var saman genginn. Þetta boð var með þökkum þegið og fluttu þau Jónas og Katrín að Miðsetju um krossmessuleytið 1887. Veturinn áður hafði verið í harðara lagi og hey víðast til þurrðar gengin, en nú var jörð alauð orðin og tíð sæmileg, þurrviðri og sólskin um daga en nætur svalar. Jónas átti nokkrar geldkindur og sleppti þeim í fjallið en hýsti ærnar um nætur, þó lítið væri að gefa þeim. En um mánuð af sumri skall á stórhrið af norðri, sú lengsta og harðasta sem ég man eftir að sumri. Bylur þessi var nefndur Uppstigningardagsbylur og hélst hann í fjóra sólarhringa sleitulaust. Veðurhæð og frostharka fóru saman. Þá hrundi fénaður niður í húsum inni, þótt í nokkrum holdum væri, en sérhver sauðkind var dauðadæmd er ekki hafði húsaskjól. Jónas missti í fárviðri þessu allar geldkindur þær, er hann hafði hleypt í fjallið og rúman helming þess er í húsum var.

Nú hafa hinar sáru minningar frá þessu vori ýtt mér út fyrir takmörkin, er frá sögupáttum þessum var í upphafi ætlað, bið ég því afsökunar á hliðarsporinu.

Stefán Jónasson

Vorið 1890 var Stefán fermdur, þá nýlega orðinn 14 ára. Hann réðst þá um vorið að Reynistað sem léttadrengur, til Sigurðar Jónssonar, prests Hallssonar og Sigríðar Jónsdóttur frá Djúpadal, þeir voru uppeldisbræður pabbi og Sigurður á Stað og munu vistráð Stefáns hafa farið þeirra á milli. Ekki dvaldi Stefán meira en ár á Stað en fer svo að Sólheimum í Blönduhlíð sem smali og dvelur þar í tvö ár. Síðari veturinn hans þar andaðist Sólheimabóndinn Helgi Jónsson. Þá var jörðin byggð að mestu, en ekkja Helga varð þó kyrr, hún hét Jóhanna Jónsdóttir og hafði verið búforkur mikill og var enn þá vel ern, hélt því ¼ jarðarinnar um sinn. Stefán réðist þetta vor 1893 fyrir vinnumann að Bústöðum í Austurdal. Eftir að Stefán Jónasson komst í Dalinn eignaðist hann fljótt dálítinn kindastofn, sem óx furðu fljótt, er dvöl hans lengdist þar. Stefán var laginn fjármaður að eðlisfari, fjárglöggu og nærgætinn, um það að nota til fullnustu kosti góðrar beitar, án þess að það yrði á kostnað kindarinnar.

Nokkru fyrir aldamótin bjuggu öldruð hjón að Efrakoti í Tungusveit, þau hétu Baldvin Jónsson og Herdís Jónasdóttir. Tvær dætur áttu þau, Þórunni og Sólveigu. Sólveig var snemma búsyðslukona mikil og fjárglögg og hagsýn, en ekki bráðskörp. Hún var talin fyrir búi foreldra sinna síðasta árið sem þau voru í Efrakoti. Árið 1897 flytur svo fjölskyldan að Giljum í Vesturdal. Þá var Stefán Jónasson enn þá vinnumaður á Bústöðum, en árið eftir 1898 flytur hann að Giljum sem ráðsmaður Sólveigar. Þau giftast vorið eftir og flytjast þá að Villinganesi. Ekki bjuggu þau þar nema árið og fara þá búferlum að Efrakoti og bjuggu þar til 1906. Skjótlega blómgevast hagur þeirra hjóna í Efrakoti. Stefán reisti við gömul beitarhús frá Efrakoti, er stóðu austan við Eggjarnar, en Eggjar heitir hálendisalda sú er liggur eftir miðri Tungusveitinni, frá Vindheimum að norðan og Tunguhálsi að sunnan. Austan við Eggjar þessar er beutiland gott og skiptist í vallendi og mýrar með töluverðum kvistgróðri. Á beitarhúsin var allt að klukkutíma gangur frá bænum og þar hýsti Stefán fullorðnu ærnar, fór til þeirra einu sinni á daga og gaf þeim, en lét aldrei aftur húsin nema stórhrið væri á. Það var ótrúlega lítið fóður sem hann eyddi í þessa hjörð sína á vetri hverjum og þó voru beitarhúsaærnar ætíð snöggum holdmeiri en hinar sem heima voru hýstar, þó hálfu meira væri í þær eytt. Ég fór nokkrum sinnum með Stefáni á beitarhúsin og get því dæmt um þetta af eigin sjón og raun. Á Efrakoti bjuggu þau Stefán og Sólveig til 1916 og urðu allvel efnum búin. En 1916 kaupa þau Ánastaði í Svartárdal og flytja þangað. Mun Stefáni hafa þótt þröngt um sig í Lýtingsstaðatorfunni, en þar eru þrjú býli og stutt á milli þeirra allra.

Ánastaðir er all landmikil jörð og skemmra í allgott beutiland en í Efrakoti. Fleira mun hafa stuðlað að bústaðaskiptum er ekki verður skráð hér. Á Ánastöðum býr Stefán til æviloka, en þau komu fyrir en varði. Hann andaðist 1925. Þá voru þau hjón allvel efnuð, eftir því sem gerðist á þeim tíma, áttu ábyli sitt og gott bú að mestu skuldlaust. Stefán var þrifa bóndi og drengur góður, hygginn fjármálamaður og þó allra manna hjálplegastur, einkum við þá er lífsbaráttan reyndist örðug. Frændsemi okkar var alla tíð hin innilegasta. Hann andaðist 3. júní 1925, rúmlega 49 ára að aldri.

Vil ég að lokum geta þess hver hans síðasta hugsun var. Stefán hafði legið rúmfastur í vikutíma í svæsinni lungnabólgu. Síðasta sólarhringinn hafði hann verið mjög þungt haldinn, og virtist dvelja meira í öðrum heimi. Hér þarf ég til skýringar að skjóta inn í að fyrir skömmu höfðu þau Ánastaðahjón tekið í fóstur kornabarn af sárfátækjum hjónum með mikla ómegð, var það ákvörðun þeirra að skila því ekki aftur fyrir en fullvaxta. Þetta var piltur er heitir Pétur. Víkur nú sögunni aftur að dánarbeiði Stefáns. Um kvöldið virðist hann vakna af dvala og er þá með réttu ráði, rennir augunum í kringum sig og spyr svo konu

sína er sat við rekkjustokk hans: „Hvað er klukkan, Sólveig mín?“ Hún svarar: „Klukkan er hálf átta.“ Stefán þegir andartak, en segir svo: „Klukkan átta verður þessu stríði lokið, en hvað verður þá um Pétur?“ Sólveig fullvissar hann um að séð yrði fyrir Pétri og tóku börn þeirra, sem nærstödd voru undir loforð móður sinnar. Þessi fáu orðaskipti virtust hafa tæmt þá litlu lífsorku sem eftir var, sjúklingurinn féll saman aftur og klukkan átta var skipt um. Stefán og Sólveig eignuðust tvö börn sem til þroska komust, pilt og stúlku, stúlkann var skírð Snjólaug en pilturinn Hermann Jón. Bæði voru uppkomin er faðir þeirra féll frá.

Sólveig hélt áfram á Ánastöðum næstu árin með tilstyrk barna sinna en brátt tóku þau við. Sólveig andaðist árið 1938, en systkinin héldu búskapnum áfram. Snjólaug kembdi ekki hærurnar, hún féll í valinn árið 1952, fimmtug að aldri, ógift og barnlaus. Jón hefur heldur ekki gifst né verið við kvenmann kenndur. Hann býr á erfðajörð sinni Ánastöðum, við allgóð efni, en mikla óhæggð og erfiðleika vegna fólksleysis. Fóstursonurinn Pétur hefur heimili sitt hjá Jóni en nýttjar Írafell, sem stendur gegnt Ánastöðum vestan Svartár. Hann hefur allmargt kvikfénaðar en er piparsveinn eins og fóstur hans.

Víkur nú sögunni aftur til hjónanna Jónasar og Katrínar að Miðsetju. Vorið 1893 varð breyting á búskap þeirra þar. Fram að þeim tíma höfðu þau haft afnot af 2/3 hlutum jarðarinnar, en eigandinn ekkjufrú Þóra Rósa bjó á 1/3. Nú vildi gamla konan hætta öllum búskap, enda komin fast að sjötugu. Það varð því úr að hún byggði hálfa Miðsetju Jóhanni Jónassyni, en hann var sonur séra Jóns fyrrverandi eiginmanns Þóru Rósu. Þau Katrín og Jónas fengu að vera kyrr á hálflendunni að minnsta kosti næsta ár. Jóhann Jónsson var giftur Margréti Jónsdóttur og áttu þau eitt barn svo nú þrengdist bæði úti og inni á Miðsetju. Var það að ráði að ég var vistráðinn sem vikaþingur að Vindheimum í Tungu-sveit. Þar höfðu búið frá 1860 hjónin Eyjólfur Jóhannesson og Guðbjörg Sigurðardóttir, en hún var hálf systir móður minnar, sem fyrr segir. Þau Vindheimahjón voru barnlaus. Systurdóttir Eyjólfur höfðu þau alið upp og gert að einkaerfingja sínum. Hún hét Hólmfríður.

Þetta umtalaða vor giftu þau fósturdóttur sína Páli Ólafssyni frá Litladal í sömu sveit. Páll var hinn mesti efnismaður. Hann hafði gengið á búnaðarskólann á Hólum og lokið þaðan námi með ágætis einkunn. Skömmu síðar varð hann kennari og rækti það starf, ásamt sjálfsnámi í fjóra vetur, eða þangað til hann reisti bú á tveimur þriðju hlutum Vindheima, en gömlu hjónin bjuggu áfram á þriðjungnum og var mér skipt milli bændanna eins og jörðinni. Það réði nokkru

um ráðningu mína til Vindheima að Páll lofaði að kenna mér næsta vetur, sem hann gerði eftir því sem ástæður leyfðu.

Nú fer fram tvennum sögum. Jónas og Katrín bjuggu að Miðsetju í tvö ár eftir að ég fór að heiman, en urðu þá að rýma þaðan. Þau fluttu þá að Grundarkoti hjá Þorleifsstöðum með yngsta soninn, Ólaf. Hann var fermdur 1897, og fór þá að heiman til að vinna fyrir sér. Árið eftir 1898 hættu þau búskap, Jónas og Katrín, og voru í húsmennsku næstu árin.

Saga Ólafs var ekki löng, hann lést norður á Akureyri 1901 tæpra 18 ára, eftir uppskurð er á honum var gerður. Heyrði ég sagt eftir læknum að sjúklingurinn hefði komið of seint til aðgerðar, en það var Guðmundur Hannesson sem uppskurðinn gerði.

Ég dvaldi á Vindheimum í þrjú ár, eða frá 13 til 16 ára til vorsins 1896, þá flutti ég með húsbónda mínum Páli Ólafssyni að Litladal í Dalsplássi, en það er erfðajörð hans. Haustið 1897 fór ég svo í búnaðarskólann á Hólum í Hjaltadal og var þar við nám í tvö ár. Var svo lausamaður næstu árin, stundaði jarðræktarstörf og heyskap að sumri, en barnakennslu að vetrum.

Árið 1902 giftist ég Önnu Ingibjörgu Jónsdóttur frá Þorleifsstöðum. Vorið 1903 byrjum við Anna búskap að Grundarkoti og tók ég þá foreldra mína til mín. Áttu þau heimili hjá mér til æviloka. Pabbi varð ekki gamall, hann andaðist vorið 1905 af hjartabilun 56 ára að aldri og var sæmilega vinnufær til hinstu stundar. Mamma lifði enn um langa hríð, hún lést að Hofdölum síðla árs 1924, þá komin hátt á áttæðasta árið.

Við Anna eignuðumst þrjár dætur, Þórdísi f. 2. júní 1902. Hólmfríði f. 12. september 1903 og Arnfríði f. 13. nóvember 1905.

Þórdís giftist Páli Þorkelssyni frá Ingveldastöðum, Jónssonar bónda að Egg í Hegranesi Guðmundssonar. Þórdís og Páll giftust 1929 og eignuðust einn son Jónas Þór f. 15. apríl 1930. Þórdís andaðist síðla árs 1942, hafði þá verið sjúklingur síðast liðin 12 ár ýmist dvalið á hælum eða á heimili sínu.

Hólmfríður giftist Guðmundi Jósafatssyni Guðmundssonar. Þau eiga fjögur börn, tvo drengi og tvær stúlkur.

Arnfríður giftist Jóni Pálmasyni frá Svaðastöðum Símonarsyni frá Brimnesi. Þau eignuðust einnig fjögur börn, tvo drengi og tvær stúlkur.

Nú til að gera langa sögu stutta skal þess einungis getið að niðjar mínir sem á lífi eru, teljast. Tvö börn, níu barnabörn og tuttugu barnabarnabörn, eða þrjátíu og ein sál.

Að lokum skal það fram tekið að enginn af niðjum mínum hefur með lífi fæðst, yfirgefið það aftur enn sem komi er, nema elsta dóttirin, Þórdís.

Lokið 24. maí 1965.

Jónas Jónasson

frá Hofdölum

Tölvusett eftir vélrituðu eintaki sem var í eigu móður minnar Guðrúnar Rafnsdóttur. Kommusetningu hefur á einstaka stað verið breytt sem og augljósum ásláttarvillum. Að öðru leyti heldur stíll Jónasar sér.

Hafi hann þökk fyrir þetta rit.

Rósa Eggertsdóttir

í maí 2009